



**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson vill fá að kíkja í pakkann frá Evrópu-sambandinu en fær það ekki. **13**



**MENNING** Disney lagði blessun sína yfir rödd Bryndísar Reynis fyrir teikni-myndina Frozen. **26**



**SPORT** Grindvíkingar og Haukakonur urðu bikarmeistarar í körfubolta í Höllinni um helgina. **20**



**Whirlpool**  
PVOTTAVÉLAR

**Heimilistæki** ht.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

24. febrúar 2014  
46. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Innilokun er engin lausn

Sviðsstjóri meðferðarsviðs Barnaverndarstofu segir mikilvægt að styrkja foreldra til að ná tökum á vanda barnsins síns og best að það sé gert á heimavelli. **6**

**Pólverjar fá hærri laun** Meðal-mánaðarlaun pólskra félagsmanna Eflingar voru í september um fjórtán prósentum hærri en laun íslenskra félagsmanna. Tölur benda til þess að Pólverjar vinni lengri vinnudaga. **2**

**Varðskip fá inni í Reykjavík** Borgarstjórn samþykkti ályktunartilögu um að fagna samstarfi í björgunarmálum við erlendar vinabjóðir og bjóða skip þeirra velkomin til Reykjavíkur. **2**



SHALDÖR  
12

Bolungarvík	-2°	☁*	NA12
Akureyri	-2°	☁*	NA 5
Egilsstaðir	-1°	☁*	NA 7
Kirkjubæjarkl.	0°	☁*	NA 6
Reykjavík	1°	☁*	NA 8

**LÉTTSKÝJAÐ** Í dag verða norðaustan 5-15 m/s, hvassast NV-til. Skýjað með köflum og stöku el NA-lands en annars léttskýjað. Frost 0-5 stig en hiti að 5 stigum syðst. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Lagnir | Fólk



## 10.000 gegn ESB-tillögu

Um 10.000 manns höfðu í gær skrifað undir áskorun um að tillaga um viðræðuslit yrði dregin til baka. Bodað hefur verið til mótmælafundar á Austurvelli í dag þegar tillagan kemur til fyrri umræðu á þingi. Ekkert skipulagt málþóf fyrirhugað.

**EVROPUMÁL** Um tíu þúsund manns höfðu skrifað undir áskorun til stjórnvalda um að draga ekki til baka aðildarumsókn Íslands í Evrópusambandið í gærkvöldi, þegar blaðið fór í prentun. Undirskrifta-söfnunin hófst í gærmorgun og fer fram í gegnum vefsíðu á netinu. Einnig hefur verið boðað til mótmæla á Austurvelli síðdegis. Mótmælin hefjast klukkan þrjú um leið og þingfundur hefst. Þar fer fram fyrri umræða um þings-ályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um að draga aðildarumsókn

Íslands í Evrópusambandið formlega til baka. Um 2.400 manns höfðu boðað komu sína á mótmælin, í gegnum Facebook, þegar blaðið fór í prentun.

Leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna segjast ekki hafa í hyggju að beita skipulögðu málþófi þegar málið verður rætt á þingi.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, reiknar þó með því að umræður muni standa yfir lengi. „Ef tillaga stjórnarinnar nær fram að ganga verður umræða um Evrópusam-

bandsaðild tekin af dagskrá jafnvel næsta áratuginn. Ef það er einhvern tímann tilefni til að tala um aðildarviðræður við Evrópusambandið, þá er það nú.“

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, leggur áherslu á að áfram verði rætt um skýrslu Hagfræðistofnunar, en umræða um skýrsluna er einnig á dagskrá í dag. „Það er full ástæða til að ræða um þessa skýrslu, sérstaklega í ljósi þess að menn eru að draga víðtækir og rangar ályktanir af henni,“ segir Árni Páll.

- kak / sjá síðu 4

## Besta kvikmynd ársins: Hross í oss til Bandaríkjanna

**KVIKMYNDIR** „Myndin verður sýnd á hátíðinni New Directors/New Films-hátíðinni í MoMa, sem er einstaklega virt hátíð,“ segir Friðrik Þór Friðriksson, framleiðandi myndarinnar Hross í oss.



FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON

Myndin, sem Benedikt Erlingsson leikstýrir, var valin kvikmynd ársins á Edduhátíðinni sem haldin var á laugardaginn. Þar hlaut Hross í oss alls sex Eddur, meðal annars fyrir leikstjórn, handrit og kvikmyndatöku.

- ósk / sjá síðu 18



**HÓPHUGLEIÐSLA Í RÁÐHÚSINU** Viðburðurinn Friðsæld í febrúar var formlega settur í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær með stuttri hóphugleiðslu. Ein stúlka úr hópnun gaf sér þó stutta stund til að brosa framan í myndavélina áður en hún sneri sér aftur að hugleiðslunni. Markmið viðburðarins er að vekja athygli á hugleiðslu og mikilvægi þess að vera til staðar hér og nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 70% færri tekjulágir lífeyrisþegar fá aðstoð vegna heilbrigðisþjónustu: Óbreytt tekjuviðmið frá 2009

**HEILBRIGÐISMÁL** Öryrkjum og lífeyrisþegum sem eiga rétt á uppbótargreiðslum vegna kostnaðar við að standa straum af meðal annars lyfja- og lækniþjónustu, heyrnar-tækjum og umönnun í heimahúsum, fækkaði um 2.300 manns, eða um tæp 70 prósent, frá árinu 2009. Það orsakast af því að tekjuviðmið Tryggingastofnunar, sem er 200.000 krónur á mánuði, hefur ekki haldist í hendur við hækkun lífeyris.

Þórdís Bjarnleifsdóttir segir í samtali við Fréttablaðið að 6.000 króna hækkun á lífeyri hafi valdið því að hún átti ekki lengur rétt á greiðslum vegna kaupa á heyrnar-tæki.

„Ég þurfti að skuldetja mig til að kaupa tækið og hélt að ég fengi endurgreitt,“ segir hún. „Nú sit ég

uppi með skuldina. Þetta skiptir mig miklu máli því ég næ nú þegar ekki endum saman,“ segir Þórdís sem skuldar yfir tvö hundruð þúsund krónur vegna heyrnartækisins.

Árið 2009 fengu 3.393 lífeyrisþegar uppbótargreiðslur, en í ár voru þeir 1.075 talsins. Það er samdráttur um 68 prósent, en þeim fækkaði um fjórðung milli 2012 og 2013.

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir að brýnt sé að leiðrétta viðmiðið. Hún segir að á síðustu árum hafi fjölmargir lífeyrisþegar með engar aðrar tekjur en bæt看 almannatrygginga misst uppbæturnar við það að skrifa upp fyrir 200.000 kr. tekjuviðmiðið. Á sama tíma hafi heilbrigðiskostnaður og greiðsluþátttaka fólks í hjálpartækjum hækkað umtalsvert.



„Það er mjög mikilvægt að tekjuviðmiðið hækki strax upp í 240.860 krónur“

Ellen Calmon  
formaður ÖBÍ

„Það er mjög mikilvægt að tekjuviðmiðið hækki strax upp í 240.860 krónur og að það fylgi framvegis hækkun bóta almannatrygginga. Að öðrum kosti koma hækkunar almannatrygginga ekki öllum til góða og fer sá hópur stækkandi.“

- eb / sjá síðu 10

**Paratabs®**

**Actavis**

**LEIÐIN TIL HOLLUSTU**

Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skrárgatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.

www.skyr.is



## SPURNING DAGSINS



Agnar, fenguð þið einn á lúðurinn?

Já. Alltaf með reglulegu millibili.

Auglýsingastofan Jónsson og Le'macks fékk einn Lúður á hinni árlegu íslensku markaðsverðlaunahátíð Lúðrinum um helgina.

Ályktunartillaga sjálfstæðismanna um erlent björgunarstarf samþykkt í borgarstjórn:

## Leyfa komu varðskipa í Reykjavíkurborg

**BJÖRGUNARSTARF** Ályktunartillaga sem sjálfstæðismenn í borgarstjórn lögðu fram í byrjun febrúar um erlent björgunarstarf hefur verið samþykkt.

Tillagan kveður á um að borgarstjórn fagni samstarfi í björgunarmálum við erlendar vinnuþjóðir og bjóði skip þeirra velkomin til Reykjavíkur. Þessi stuðningur fulltrúa meirihlutans, sem var gerður með örlítili breytingu, markar því stefnubreytingu.

„Ég er mjög ánægður með þetta. Borgarstjóri hafði látið í ljósi ákveðinn fjandskap fannst manni við komur erlendra skipa hingað til lands, herskipa eða varðskipa,“ segir

Kjartan Magnússon, borgarstjórnarfulltrúi. „Í umræðum fyrr á kjörtímabilinu spurðum við hvort þetta ætti líka við um þessi dönsku og norsku varðskip sem Landhelgisgæslan hefur verið í samstarfi við og fengum þau svör að svo væri. Okkur fannst það gífurlega slæm skilaboð og vorum hrædd um að þau gætu dregið úr þessu samstarfi og stefnt því í hættu,“ segir hann.

„Þegar ummæli borgarstjóra urðu aðeins óljósari töldum við rétt að fá úr þessu skorið og lögðum þá fram þessa tillögu.“

Fulltrúi Vinstri grænna greiddi atkvæði á móti afgreiðslunni.



**VARÐSKIP Í REYKJAVÍK** Varðskip Landhelgisgæslunnar sjást hér í höfn í Reykjavík. Annað þeirra er merkt fána ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**NÍRÆÐUR** Robert Mugabe steytti hnefann í afmælisræðu sinni í gær. MYND/AP

Forsetinn Robert Mugabe fagnaði níráðisafmæli sínu í gær: **Vill ekki setjast í helgan stein**

**SIMBABVE, AP** Robert Mugabe, forseti Simbabve, fagnaði níráðisafmæli sínu í gær. Hann sagðist ekki tilbúinn til að setjast í helgan stein. „Af hverju ætti að ræða slíkt þegar tíminn til þess er ekki runninn upp?“, sagði Mugabe. „Ég er enn hérna en þegar rétta stundin kemur mun ég hætta. Eg vil ekki yfirgefa flokkinn minn þegar hann er sundraður.“

Mugabe sagðist við hestaheilsu en leit samt ekki út fyrir að vera það í sjónvarpsviðtali. Afmæli forsetans var á föstudag en haldið var upp á það í gær á fimmtíu þúsund manna leikvangi í borginni Marondera. Talið er að hátíðarhöldin hafi kostað um 113 milljónir króna.

Nýr Suðurstrandarvegur: **160 bílar á sólarhring á veturna**

**SAMGÖNGUR** Sólarhringsumferð á Suðurstrandarvegi á milli Grindavíkur og Þorlákshafnar, er um 160 bílar á sólarhring á meðaltali yfir vetrartímabilið en 530 yfir sumartímabilið.

Suðurstrandarvegurinn, sem er 57 km langur, var formlega opnaður 2012. Meðaltals sólarhringsumferð um veginn vetrarmánaðina 2013 var 162 bílar við Festarfjall og 212 bílar við Selvog. Sumarumferðin var hins vegar 530 bílar við Festarfjall og 463 bílar við Selvog.

Maður handtekinn í gær:

**Ók á þrjá bíla og stakk af**

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður silfurgrárrar BMW-bifreiðar stakk af eftir að hafa ekið á þrjá bíla við gatnamót Kringlumýrabrautar og Háaleitisbrautar í gær.

Bifreið mannsins hafnaði utan vegar og hljóp ökumaðurinn í burtu að sögn sjónarvotta. Að þeirra sögn eru bílarnir mikið skemmdir.

Maðurinn var þó handtekinn skömmu síðar og er grunaður um akstur undir áhrifum vímuefna.

Ekki urðu alvarleg slys á fólki, að sögn lögreglu.

## Meðallaun Pólverja hærrí en Íslendinga

Mánaðarlaun pólskra félagsmanna Eflingar voru í september að meðaltali fjórtán prósentum hærrí en laun íslenskra félagsmanna. Formaður Eflingar segir tölurnar benda til þess að Pólverjarnir vinni lengri vinnudaga.

**ATVINNUMÁL** Heildarlaun pólskra félagsmanna stéttarfélagssins Eflingar voru að meðaltali um fjórtán prósentum hærrí en laun íslenskra félagsmanna í september síðastliðnum.

Þetta kemur fram í nýrri samantekt Eflingar. Hún inniheldur ekki upplýsingar um vinnutímann á bak við launin enda hvergi hægt að nálgast tölur um fjölda vinnustunda eftir þjóðerni. Samkvæmt niðurstöðum norrænnar samanburðarrannsóknar sem rannsóknarmiðstöðin MIRRA vann að og kynnti fyrr í þessum mánuði, eru Pólverjar aðeins með 57 prósent af meðallaunum á íslenskum vinnumarkaði.

„Við ekki bara gagnrýnum, við vefengjum að staðan sé þannig. Rannsókn MIRRU olli töluverðum heilabrotum og niðurstaðan er á skjön við okkar reynslu og við teljum að þarna sé einfaldlega verið að mæla ranga hluti. Hins vegar vantar inn í okkar samantekt tölur um vinnutíma en mér finnst tölurnar benda til þess að pólskir félagsmenn okkar vinni lengri vinnudaga,“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir það tilfinningu starfsmanna ASÍ að Pólverjar, bæði karlar og konur, séu almennt á lakari launum en Íslendingar í sambærilegum störfum.

„Sú tilfinning byggir ekki á neinum tölfraðilegum upplýsingum,“ segir Halldór en hann telur launamuninn sem var dreginn upp hjá MIRRU vera langt umfram þeirra mat. „Þegar við sáum þessa niðurstöðu MIRRU þá passaði hún engan veginn við það sem við töldum



**BYGGT** Pólskir félagsmenn Eflingar sem störfuðu í byggingariðnaði fengu að meðaltali 376 þúsund krónur í mánaðarlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Með 305 þúsund krónur í mánaðarlaun

Pólskir félagsmenn Eflingar voru í september 2013 með að meðaltali 305 þúsund krónur í mánaðarlaun en íslenskir félagsmenn 267 þúsund krónur. Í samantekt Eflingar kemur einnig fram að pólskir félagsmenn sem störfuðu í byggingariðnaði voru með 376 þúsund krónur á mánuði en meðaltali heildarlauna íslenskra félagsmanna var 364 þúsund krónur. Pólverjarnir voru einnig með hærrí heildarlaun í störfum hjá ræstingapjónustufyrirtækjum en lægri laun í matvælaíðnaði.

okkur vita best. Við skoðuðum þá tölfræði og aðferðafræði sem niðurstaðan byggir á og þá kom í ljós að hún byggði annars vegar á viðtalskönnun við fimm hundruð Pólverja sem sögðu hvað þeir töldu sig vera með í laun. Hins vegar voru þær upplýsingar bornar saman við tölur Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, um meðallaun á íslenskum vinnumarkaði, og þar er eingöngu að finna tölur um meðallaun óháð starfs- eða atvinnugreinum.“

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir, mannfræðingur og forstöðumaður MIRRU, segir gagnrýni á aðferðafræði rannsóknarinnar fela í sér ákveðna vantrú.

„Ég spyr mig hvort launþegahreyfingin sé að draga í efa það sem fólkíð segir sjálf um launin sín. Mér finnst þetta líka sýna að það verður að rannsaka frekar þessi launakjör og þá sérstaklega út frá vinnustundum.“

haraldur@frettabladid.is

Kristján Þór kannar allar leiðir til að menn lendi ekki í gildru refsilöggjafar:

## Opinn fyrir afglæpavæðingu

**HEILBRIGÐSMÁL** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra sagðist í þætti Mikaela Torfasonar, Minni skoðun, í gær vera opinn fyrir afglæpavæðingu fíkniefna. Kristján vill gera það í skrefum og gefur lítið fyrir ýmis rök þeirra sem vilja ganga lengra í átt til frjálsræðis, til dæmis að skatttekjur af sölu fíkniefna ættu að vera lóð á vogarskál lögleiðingar.

„Ég vil með öðrum orðum kanna allar hugsanlegar leiðir sem koma í veg fyrir að einstaklingar á unga aldri lendi í einhverri gildru sem refsilöggjöfin kallar á vegna fíks sem getur hent,“ segir Kristján meðal annars í þættinum. Aðspurður segist Kristján Þór hafa skoðað málið frá mörgum hliðum.

„Ég hallast mjög að því að



**SKATTEKJUR SPILA EKKI INN** í Kristján Þór Júlíusson segir að skatttekjur af sölu fíkniefna ættu ekki að vera lóð á vogarskál lögleiðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

kanna allar leiðir til þess að gera þetta fært.“

Næstu skref í átt til þessa segir Kristján Þór vera að stofna starfshóp sem vinni að málefnum.

„Hópurinn ætti að koma frá mér

sem heilbrigðisráðherra og innanríkisráðuneyti, ásamt fjármálahluta og svo verður samráð við hagsmunaaðila sem málaflöknum tengjast,“ segir Kristján.

- ósk



Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**





# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL

Gerðu betri bílakaup!

*Komdu!*  
**GÓÐIR AFSLÆTTIR**

og **80%**  
ALLT AÐ **FJÁRMÖGNUN**  
Á VÖLDUM BÍLUM\*



**Tilboð: 2.590.000 kr.**  
**Citroën C4 Comfort** SNZ90  
Skráður mars 2013, 1,6Di dísil, beinsk.  
Ekinn 29.000 km.  
Ásett verð: 2.790.000 kr.



**Verð: 4.160.000 kr.**  
**Mazda6 Vision** VST63  
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 31.000 km. *[ábyrgð]*



**Tilboð: 2.390.000 kr.**  
**Honda Accord** YHE12  
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 93.000 km.  
Ásett verð: 2.690.000 kr.



**Tilboð: 4.190.000 kr.**  
**Ford Kuga Titanium S AWD** TKV42  
Skráður apríl 2012, 2,0TDCI dísil, sjálfsk.  
Ekinn 71.000 km.  
Ásett verð: 4.660.000 kr. *[ábyrgð]*



**Verð: 1.530.000 kr.**  
**Toyota Yaris Terra** KXL65  
Skráður júní 2009, 1,4TDI dísil, beinsk.  
Ekinn 98.000 km.

**FINNDU BÍLINN PINN Á**  
**NOTADIR.BRIMBORG.IS**  
**TÖKUM ALLAR GERDIR BÍLA UPPÍ!**



**Tilboð: 1.950.000 kr.**  
**Kia Sorrento EX** NL348  
Skráður nóv. 2005, 2,5TDI dísil, sjálfsk.  
Ekinn 138.000 km.  
Ásett verð: 2.140.000 kr.



**Verð: 10.270.000 kr.**  
**Volvo XC90** Momentum D5 AWD UUV86  
Skráður des. 2012, 2,4TDI dísil, sjálfsk.  
Ekinn 40.000 km. *[ábyrgð]*



**Tilboð: 1.540.000 kr.**  
**Hyundai i30 Classic** TOH76  
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.  
Ekinn 95.000 km.  
Ásett verð: 1.690.000 kr.



**Tilboð: 1.390.000 kr.**  
**Skoda Octavia Ambiente** UJ505  
Skráður apríl 2007, 1,9TDI dísil, sjálfsk.  
Ekinn 215.000 km.  
Ásett verð: 1.590.000 kr.



**Tilboð: 2.890.000 kr.**  
**Ford Focus Trend** VPB08  
Skráður mars 2013, 1,6TDCI dísil, beinsk.  
Ekinn 26.000 km.  
Ásett verð: 3.070.000 kr. *[ábyrgð]*



**Tilboð: 1.990.000 kr.**  
**Citroën C8** SX DAL57  
Skráður júní 2008, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 76.000 km.  
Ásett verð: 2.290.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**  
Hafðu samband strax!



**Verð: 9.280.000 kr.**  
**Ford Explorer Limited 4x4** PZD20  
Skráður mars 2013, 3,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 34.000 km. *[ábyrgð]*



**Tilboð: 1.790.000 kr.**  
**Hyundai i20 Classic** LVB51  
Skráður ágúst 2011, 1,4i bensín, beinsk.  
Ekinn 42.000 km.  
Ásett verð: 1.940.000 kr.




**Tilboð: 1.290.000 kr.**  
**Toyota Prius** EXE NV358  
Skráður okt. 2005, 1,6i hybrid/bensín, sjálfsk.  
Ekinn 96.000 km. *[ábyrgð]*



**Verð: 2.690.000 kr.**  
**Ford Escape Limited AWD** RZE50  
Skráður sept. 2008, 3,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 79.000 km.

Fylgstu með á **FACEBOOK**



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara beint á Facebook!

**ÞARFTU 100% FJÁRMÖGNUN?**

HAFÐU SAMBAND VÍÐ RÁÐGJAFA OG FÁÐU UPPLÝSINGAR UM HVAD ER Í BODI.

**VÍÐ TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

Víð tökum notaða bílinn þinn uppi á hagstæðu verði. Sýndu okkur bílinn þinn og við gerum þér tilboð í milligjöf. Engin skuldbinding.

Skoðuðu úrvalið á **NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bilgræininni

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

\*Kaskótrygging er forsenda fyrir fjármögnun ásamt því að lántaki standist lánsþæfis- eða greiðslumat.



SVONA ERUM VIÐ



**14 íslenskar kvikmyndir komust á lista 10 vinsælustu kvikmynda ársins árin 1995 til 2012.**

Af 180 myndum voru 14 bandarískar sem komust á listann og 19 breskar.

Svfar, Danir og Frakkar komu einni mynd á listann á þessu 18 ára tímabili.

Andrus Ansip, forsætisráðherra Eistlands til ný ára, lætur staðar numið:

# Hættir störfum í næstu viku

**EISTLAND, AP** Andrus Ansip, forsætisráðherra Eistlands, ætlar að hætta störfum í næstu viku eftir níu ár í embætti.

Ákvörðunin kemur ekki á óvart því árið 2012 sagðist hann ekki ætla að bjóða sig fram í þingkosningum sem verða á næsta ári.


Í árlegri ræðu forsætisráðherrans fyrir þjóðhátíðardag Eistlands sem er í dag, sagði Ansip að gáfulegast væri fyrir sig að hætta störfum núna. Þingkosningarnar í landinu, sem telur 1,3 milljónir

íbúa, verða haldnar í mars 2015.

Fjölmiðlar hafa velt því fyrir sér hvort Ansip ætli að sækjast eftir stöðu innan framkvæmdastjórnar ESB. Í ræðu sinni gaf hann ekkert til kynna um framtíðaráform sín.

„Allt hefur sína byrjun og sinn endi,“ sagði hann. „Þessi ákvörðun var ekki tekin undir þrýstingi frá einum né neinum.“

Ansip hefur verið forsætisráðherra síðan í apríl 2005. Við stöðu hans tekur hinn reyndi stjórnmálamaður Siim Kallas.



**HÆTTIR** Forsætisráðherra Eistlands lætur af embætti í næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Prófkjör Pírata í gær:

# Halldór hlaut efsta sætið

**PRÓFKJÖR** Halldór Auðar Svansson varð efstur í prófkjöri stjórn málaflokksins Pírata í Reykjavík sem var haldið í gær.

Í öðru sæti lenti Þórgnýr Thoroddsen og í því þriðja varð Ásta Helgadóttir. Fjórdi sætið skipar Þórlaug Ágústsdóttir og það fimmta Arnaldur Sigurðsson.

Sextán manns voru á kjörskrá í prófkjörinu, þar af tíu karlar. Alls tóku 89 manns þátt í prófkjörinu í gær.

- fb

# Undirstrika andúð á aðild að ESB

Stjórnmálafræðingur og leiðtogar stjórnarandstöðunnar segja skilaboð felast í orðalagi tillögu um að draga til baka umsóknina að ESB. Ákvæði um að ekki skuli sótt um aðild nema þjóðin stefni að aðild, feli í sér tilraun til að hafa áhrif á mögulegt upplagg atkvæðagreiðslu.

**EVROÞUMÁL** Orðalag í þingsályktunartillögu um að draga ESB-umsóknina til baka, sem tekin verður til fyrri umræðu á Alþingi í dag, sendir skilaboð um andúð ríkisstjórnarflokkanna á Evrópusambandsaðild og er tilraun til að hefta að slíkt aðildarferli verði tekið upp að nýju. Þetta er túlkun Grétars Þórs Eypórsssonar, prófessors í



**GRÉTAR ÞÓR EYPÓRSSON**

stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri. Allir leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna taka undir orð Grétars. Í tillögu Gunnars Braga Sveinssonar er farið fram á að Alþingi feli ríkisstjórninni að draga umsókn Íslands til baka. Í tillögunni er einnig talað fyrir því að treysta samskipti og samvinnu við ESB og einstök Evrópuríki þar sem EES-samningurinn sé burðarás. Í tengslum við það verði hagsmunagæsla til að auka áhrif Íslands við mótun ákvarðana á grundvelli EES efling og vinna að því marki verði nú sett í forgang.

Einnig er lagt til „að ekki skuli sótt um aðild að Evrópusambandinu á nýjan leik án þess að fyrst fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort íslenska þjóðin stefni að aðild að Evrópusambandinu“.

Þetta telur Grétar vera tilraun til þess að torvela ríkisstjórnnum framtíðarinnar að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið að nýju. „Að visu er þetta bara þingsályktunartillaga og önnur ríkisstjórn getur auðveldlega ýtt þessu til hliðar. En þarna undirstrika núverandi valdhafar andúð sína á Evrópusambandsaðild. Fyrst og fremst er verið að senda skilaboð með þessu,“ útskýrir Grétar.

Allir leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna taka undir þessa greiningu. Katrín Jakobsdóttir, formaður

Vinstri grænna, telur Gunnar Braga gera tilraun til þess að hafa áhrif á orðalag þeirra spurninga sem lagðar væru fyrir kjósendur, ef það kæmi til þjóðaratkvæðagreiðslu. „Með þessu er verið að reyna að hafa áhrif á hvernig spurningin verði orðuð, hvort spurt verði um afstöðu kjósenda til Evrópusambandsaðildar, frekar en hvort kjósendur séu hlynntir því að hefja viðræður.“

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir ríkisstjórnina gera tilraun til að binda Alþingi um aldur og ævi. „Venjulega leggja ríkisstjórnir fram hugmyndir sínar um hvernig á að bæta lífskjör fólksins í landinu. En nú er verið að reyna að reisa múra í kringum óbreytt ástand.“

Leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna segjast ekki ætla að beita skipulögðu málþófi þegar þingsályktunartillagan verður rædd.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sagðist þó hafa mikið að segja um Evrópumálin og reiknar með því að umræður um þau muni standa yfir lengi. „Ef tillaga stjórnarinnar nær fram að ganga verður umræða um Evrópusambandsaðild tekin af dagskrá jafnvel næsta áratuginn. Ef það er einhvern tímann tilefni til að tala um aðildarviðræður við Evrópusambandið, þá er það nú.“ Birgitta Jónsdóttir, kaftinn Pírata, segir að knappur tími sé til stefnu að ræða tillögu stjórnarinnar, ef reyna á að koma henni í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða sveitarstjórnarkosningum. „Ríkisstjórnin er búin að stilla stjórnarandstöðunni upp við vegg í þessu máli.“ Birgitta leggur áherslu á að almenningur láti í sér heyra vegna málsins. Þingsályktunartillögur sem samþykktar eru fari ekki inn á borð forsetans og því geti hann ekki skotið málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og kostur er þegar Alþingi afgreiðir lagafrumvörp.

kjartanatli@frettabladid.is

## → Boðað til mótmæla-fundar

Boðað hefur verið til mótmæla á Austurvelli í dag gegn áætlunum ríkisstjórnarinnar um að draga til baka umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Mótmælin hefjast á sama tíma og þingfundur, klukkan 15.



**MÆLIR FYRIR ÁLYKTUNARTILLÖGU** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hyggst í dag mæla fyrir tillögu um viðræðuslit við ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ERFITT AÐ SANNFÆRA ESB-RÍKI Á NÝ

Aðildarríki ESB hafa ekki áhuga á haltu mér, slepptu mér sambandi við Ísland og mjög erfitt verður að sannfæra þau um að taka við nýrri aðildarumsókn ef núverandi umsókn verður dregin til baka. Svo segja heimildarmenn fréttastofu innan ESB en þetta stangast þetta á við fullyrðingar utanríkisráðherra sem vitnaði í stækkunarstjóra og utanríkisráðherra Norðurlandanna að Ísland væri „alltaf velkommi í Evrópusambandið“.

Heimildarmenn innan ESB segja hins vegar að þar innanbúðar sé tilfinningin sú að mjög erfitt yrði að sannfæra aðildarríkin um að taka umsókn frá Íslandi til greina að nýju, enda hafi þegar farið tími og fjármunir í

viðræður sem útlit sé fyrir að verði slitið. Ekki sé áhugi á að endurtaka slíkan leik og því kæmi nýtt aðildarferli varla til greina fyrir en að löngum tíma liðnum.

Peter Stano, talsmaður stækkunarstjóra ESB, vill ekki spá fyrir um hugsanlegar afleiðingar þess að draga umsóknina til baka og leggur áherslu á að framhaldið sé í höndum Íslendinga.

„Við erum reiðubúin að bjóða samning sem er mjög ásættanlegur fyrir báða aðila og að okkar mati myndu bæði Íslendingar og núverandi aðildarþjóðir Evrópusambandsins hagnast á aðild Íslands,“ segir hann.

- hþv

## KRÓNAN NÚ EINI KOSTURINN

Gylfi Zoëga, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir að slit aðildarviðræðna muni fela í sér þengri kosti fyrir Ísland í gjaldveyrismálum og að skynsamlegra hefði verið að leysa vandamálið tengd krónunni áður en aðild að ESB væri útilokuð.

„Áhrifin eru einföld. Í stað þess að eiga tvo kosti, þá höfum við einn kost í gjaldmiðlamálum í framtíðinni sem er að hafa krónuna áfram. Þá verður einnig úr sögunni að festa gengi krónunnar við evru eins og Danir hafa gert,“ segir Gylfi og bætir við að Seðlabankinn hafi sett fram hugmyndir í skjali sem heitir „Peningastefna eftir höft“. Enn eigi eftir að vinna úr þeirri skýrslu og skýra fyrir fólki hvernig framtíðin yrði.

„Kannski má segja að fyrst þurfi maður að gera það og síðan má útiloka aðra kosti af því við vitum ekki hvernig framtíðin verður með krónuna,“ segir Gylfi.

- eh


*Heimilis*

## GRJÓNAGRAUTUR

**Alveg mátulegur**

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 18°	Billund 8°	Gautaborg 6°	London 12°	Orlando 25°	San Francisco 16°
Basel 11°	Frankfurt 11°	Kaupmannahöfn 6°	Mallorca 18°	Ósló 5°	Stokkhólmur 6°
Berlín 11°	Friedrichshafen 13°	Las Palmas 20°	New York 5°	París 14°	

**Eiðsabet Margeisdóttir** veðurfréttamaður





# Nýr Golf.



Komdu við í HEKLU og  
reynsluaktu Volkswagen Golf

## Evrópu- og heimsmeistari

Það er skammt stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist við enn ein rós in í hnappagatið þegar 66 bílblaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 40 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

Volkswagen Golf kostar frá  
**3.540.000 kr.\***

\*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.



WORLD CAR  
AWARDS 2013  
WORLD CAR DESIGN  
OF THE YEAR



Das Auto.



## VEISTU SVARID?



1. Hvaða tvær auglýsingastofur unnu til flestra verðlauna á Lúðrinum?
2. Hvaða íslensku keppendur kláruðu báðar ferðir í svigkeppni kvenna á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí?
3. Elmar Johnson hefur snúið baki við fyrirsætustörfum en hvaða prófi lauk hann um helgina?

**SVÖR:**  
1. ENNEM og Janar markaðshöf. 2. Helga María Vilhjálmssdóttir og Erla Ásgeirsdóttir. 3. Hann lauk embeittsprófi í Læknisfræði frá Háskóla Íslands.

## Leiðtogar tuttugu helstu iðnríkja heims komust að samkomulagi í Sydney: Þjóðarframleiðsla aukin um 2%

**SYDNEY, AP** Leiðtogar tuttugu helstu iðnríkja heimsins hafa samþykkt að koma á fót áætlan sem á að auka þjóðarframleiðslu um meira en tvær billjónir króna næstu fimm ár.

Joe Hockey, fjármálaráðherra Ástralíu, þar sem leiðtogaráðstefnan var haldin, sagði að samþykktin ætti sér engin fordæmi. Hún á að auka þjóðarframleiðslu G-20-ríkjanna um tvö prósent næstu fimm árin, til viðbótar við það sem áður hafði verið reiknað með. Þetta gæti skapað tugi milljóna starfa.

G-20-ríkin samanstanda af ríkjum sem ráða yfir um 85 prósentum af efnahagi heimsins, þar á meðal Bandaríkjunum og Kína.

Á fundinum var samþykkt að „auka þjóðarframleiðslu heimsins umtalsvert“ án þess að hækka skatta. Til að það geti gerst ætla þau að hvetja til aukinnar samkeppni og efla fjárfestingu, atvinnu og viðskipti.

Jack Lew, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagði samkomulagið nauðsynlegt til að „snúa við blaðinu“ í endurreisn á efnahagi heimsins. -fb



**NAUÐSYNLEGT** Jack Lew sagði samkomulagið nauðsynlegt til að „snúa við blaðinu“.

Meðlimur söngvafjölskyldu:

## Maria von Trapp látin

**BANDARÍKIN, AP** Maria von Trapp, sú síðasta sem var eftirlifandi af frægri söngvafjölskyldu, er látin, 99 ára gömul. Hún var næstelsta dóttir Von Trapp-fjölskyldunnar sem flúði frá Austurríki sem nasistar höfðu hertekið og var umfjöllunarefni kvikmyndarinnar The Sound of Music.

Trapp-söngvafjölskyldunnar taldi sjö meðlimi, en söngleikur byggður á sögu hennar kom út 1959 og sex árum var kvikmyndin fræga frumsýnd. -fb



**Í VERSLUNARHVERFINU** Taíenskur hermaður tekur ljósmyndir á staðnum þar sem sprengjan sprakk. MYND/AP

Tveir létust í Taílandi:

## Sprengju kastað á mótmælendur

**BANGKOK, AP** Að minnsta kosti tveir fórust þegar sprengja sprakk innan um hóp mótmælenda í verslunarhverfi í Bangkok, höfuðborg Taílands, í gær. Talið er að handsprengju hafi verið varpað á hópinn. Fertug kona og tólf ára drengur létust.

Að minnsta kosti átján hafa látið lífið og hundruð sæst síðan mikil mótmæli hófust í Taílandi fyrir um þremur mánuðum. Þar af lést fimm ára stúlka á laugar-daginn og tugir særðust. -fb

Talibanar í Afganistan:

## 21 hermaður var drepinn

**AFGANISTAN, AP** Hundruð vígamanna úr röðum talibana réðust til atlögu á bækistöðvar afganska hersins í austurhluta Afganistan í gærmorgun. Þar drápu þeir 21 hermann og særðu þrjá til viðbótar. Þetta er stærsta árásin á afganska herinn í að minnsta kosti eitt ár.

Að sögn hershöfðingjans Mohammad Zahir Azimi, fóru hundruð erlendra og afganskra vígamanna yfir afgönsku landamærin og gerðu árásina í Kunarhéraði. Tveir talibanar fórust og tveir særðust í árásinni. -fb

# Má ekki læsa börnin inni

Sviðsstjóri meðferðarsviðs Barnaverndarstofu svarar gagnrýni á MST-fjölkerfameðferð sem úrræði fyrir unglinga í hegðunar- og fíknivanda. Hann segir mikilvægt að styrkja foreldra til að ná tökum á vanda barnsins síns og best að það sé gert á heimavelli enda geti meðferðarstofnanir aldrei orðið raunveruleg heimili.

**VELFERÐARMÁL** Í umfjöllun Fréttablaðsins nýlega um börn og unglinga með hegðunar- og fíkniefnavanda bar á gagnrýni foreldra, ungmenna og fagaðila á úrræðaleysi í meðferðarmálum.

Meðal annars var svokölluð MST-fjölkerfameðferð gagnrýnd fyrir að vera máttlaust úrræði en í þeirri meðferð er unnið með vanda barnsins á heimavelli. Foreldrar sögðu af sinni reynslu að betra væri að fjarlægja barnið af heimilinu og loka inni á stofnun á meðan stjórnleysið réði ríkjum.

Halldór Hauksson, sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu, segir að meðferðarstofnun sé aldrei heimili. Það komi alltaf á tímamunktur að barn þurfi að snúa aftur heim og þá sé mikilvægt að unnið sé með vandan og áhættuþættina þar.

„Það getur ekki verið lausn til lengri tíma að loka börn inni. Meðferðarheimili fyrir árum voru gagnrýnd fyrir of miklar þvinganir. Við reynum að leita að jafnvægi og viljum standa vörð um réttindi barnanna en um leið búa til örugga umgjörð utan um þau. En við eigum ekki að læsa börnin inni.“

Halldór segir MST-meðferð vera inngríp sem geti komið í staðinn fyrir meðferðarheimili og hefur á fimm árum hjálpað á þriðja hundrad fjölskyldna. Í einhverjum tilfellum sé þó nauðsynlegt að koma barninu strax í öruggt skjól og burt úr skaðlegum aðstæðum. Þess vegna sé blandað kerfi svo mikilvægt.

Foreldrar sem Fréttablaðið ræddi við gagnrýndu að MST-meðferð einblindi um of á foreldra og ekki væri unnið nægilega með vanda barnsins.

„Markmið MST-meðferðar er

Við reynum að leita að jafnvægi og viljum standa vörð um réttindi barnanna en um leið búa til örugga umgjörð utan um þau.

Halldór Hauksson, sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu.

að hjálpa foreldrum að bæta sína líðan og stöðu, styrkja þá til að ná tökum á vanda barnsins. Fjölskyldan hefur aðgang að meðferðaraðila allan sólarhringinn, en hann stillir sér ekki upp á milli foreldra og barns, þvert á móti stefnir hann allan tímann á að gera sig óþarfan. Hér á orðatiltækið „Settu súrefnisgrímuna fyrst á þig og svo barnið“ mjög vel við,“ segir Halldór.

Framtíðarsýn Halldórs er að lítil meðferðarstofnun sé rekin á höfuðborgarsvæðinu sem meðhöndli börn í miklum vímuefna- og glæpavanda.

„Málið er að vímuefna- og hegðunarvandi fer oft saman. Ég er ekki að segja að fíkn sé óþægð, heldur að vegna hegðunarvanda þá eigi þau erfitt með hefðbundna vímuefnameðferð. Þetta yrði sérstækt meðferð fyrir börn sem hafa nýtt sér önnur úrræði án árangurs. Þetta er gert í öðrum Norðurlöndum með góðum árangri. Einnig vil ég sjá meðferðarheimili sem eru enn opnari en í dag. Þar sem börnin eru þjálfuð í að vera þátttakendur í umhverfi sínu, fara til dæmis í skólann sinn daglega, þeim hjálpað að fara í tómstundir og eiga í samskiptum við fjölskyldu og félag. Þetta yrði gert í nærsamfélaginu í stað þess að vera alfarið í skjóli frá heimahögum.“

erlabjorg@frettabladid.is



**MEÐFERÐARHEIMILI** Fyrir tíma MST-meðferðar var mikil gagnrýni á að einu úrræðin við vanda barna væri að loka þau inn á stofnun. Halldór segir MST hafa hjálpað fjölmörgum börnum, sem annars hefðu þurft vistun á meðferðarheimilum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HALLDÓR HAUKSSON** Sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**weber**

Hágæða flísalím og fúga

DEITERMANN  
TECHNOLOGY INSIDE



Weber.xerm.  
850 BlueCom-  
fort C2TE  
kr. **2.790**



Weber.xerm.  
852 BlueCom-  
fort C2TE S1  
kr. **3.990**



Weber.xerm.  
BlueComfort  
CE/TE S1  
Xtra Flex  
kr. **5.290**



Weber.Fug 870  
Fúga 1-6 mm  
CG1 5 kg  
kr. **1.690**



Weber.Fug 880  
Silicone  
EC.1. plus  
310 ml.  
kr. **1.190**



Weber.tec 822 Rakakvoða  
8 kg kr. **7.890**  
24 kg kr. **19.990**

**MÚRBÚÐARVERÐ**

Látið fagmenn vinna verkin!

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið má-fó kl. 8-18, laug. 10-16  
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið má-fó kl. 8-18



**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



# Heimsfrægur heimsklassa söngleikur á heimsmælikvarða

Fyrir alla fjölskylduna!



★★★★★  
Daily Star

★★★★★  
Daily Telegraph

Frumskýning 21. febrúar

ÚR SMÍÐJU

# MONTY PYTHON SPAMALOT™

Verðlauna *tímamóta* söngleikur byggður á kvikmyndinni  
**MONTY PYTHON and the Holy Grail**

Örn Árnason, Selma Björnsdóttir, Mاریus Sverrisson  
Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ævar Þór Benediktsson  
og Stefán Karl Stefánsson



## Skipulagðar ferðir með danska ferðamenn á barnaheimili í Asíu gagnrýndar: Vilja barnaheimilatúrismi burt

**DANMÖRK** Heimsóknir á barnaheimili í löndum Austur-Asíu eru liður í pakkaferðum ýmissa danskra ferðaskrifstofa.

Dönsk samtök sem berjast fyrir réttindum barna segja þetta ósmekklegt og siðlaust og krefjast þess að barnaheimilatúrismi verði strax lagður niður.

Ferðaskrifstofurnar skipuleggja heimsóknir á barnaheimili sem oft eru eingöngu rekin með frjálsum framlögum, að því er segir á vef Kristilega dagblaðsins.

Einn ferðaskrifstofueigandi segir heimsóknirnar réttlætanager. Ferðamönnunum sé boðið inn fyrir, þar sem þeir eigi með framlögum og aukinni athygli þátt í að tryggja fátækum börnum hreint vatn, skólagöngu, fatnað og þak yfir höfuðið.

Ein ferðaskrifstofan segist hafa nýlega afhent ávísun upp á 110 þúsund danskar krónur sem ferðamennirnir hafa safnað handa einu af indversku barnaheimilunum.

- ibs



**MUNADARLAUS** Fulltrúar ferðaskrifna í Danmörku segja ekkert athugavert við heimsóknir á barnaheimili.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KOMINN TIL STARFA** Oleksandr Túrtsjínov, til hægri, er orðinn bráðabirgðaforseti Úkraínu. NORDICPHOTOS/AFP

## Nýr forseti tekinn við

Löggjafarþingi Úkraínu hefur verið falið að mynda þjóðstjórn. Þingforsetinn Oleksandr Túrtsjínov hefur tekið við forsetaembættinu til bráðabirgða.

**ÚKRAÍNA, AP** Oleksandr Túrtsjínov hefur tekið við sem bráðabirgðaforseti Úkraínu eftir að forsetinn Viktor Janúkovítsj hrökklaðist úr embætti. Úkraínska löggjafarþinginu hefur verið falið að mynda þjóðstjórn í landinu og Túrtsjínov, forseta þingsins, falið forsetavald þar til gengið verður til kosninga í lok maí á þessu ári.

Túrtsjínov sagði úkraínskum þingmönnum í gær að þeir hefðu tíma til þriðjudags til að mynda nýja ríkisstjórn. Júlía Tímosjenko, sem var látin laus úr fangelsi á laugardag, hefur útilokað að taka við embætti forsætisráðherra á nýjan leik.

Ekki hefur fengist staðfest hvar Janúkovítsj er staddur eftir að hann yfirgaf höfuðborgina og hélt til annarra bækistöðva sinna í austurhluta Úkraínu. Hann telur að ákvarðanir þingsins undanfarna daga hafi verið ólöglegar.

Aðstoðarmaður forsetans sagði við AP-fréttastofuna að hann ætli að halda áfram að sinna forseta-skyldum sínum.

Úkraínu er skipt í tvo hluta sem deila hart. Annars vegar austurhluta Úkraínu þar sem íbúar eru að mestu fylgjandi rússneskum áhrifum og hins vegar vesturhluta þar sem íbúar hafa mikla andúð á Janúkovítsj og vilja samstarfi við Evrópusambandið.

Susan Rice, öryggisráðgjafi Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna, sagði í viðtali á NBC að Rússar myndu gera mikil mistök ef þeir beittu hervaldi í Úkraínu. Hún bætti við að á næstu vikum myndu Bandaríkin, í samstarfi við Evrópuríki og alþjóðlegar stofnanir, veita Úkraínu sameiginlega fjárhagsaðstoð. Fjármálaráðherra Rússlands hvatti Úkraínu í gær til að sækja um lán til Alþjóðagjald-eyrissjóðsins. freyr@frettabladid.is

# TILBOÐ

## ÞORSKHNAKKAR

# 1.590

kr.kg

**TILBOÐIÐ GILDIR**  
MÁNUDAG,  
ÞRIÐJUDAG  
OG MIÐVIKUDAG

Finndu Fiskikóngurinn á

## Fiskikóngurinn

www.fiskikongurinn.is

Höfðabakka 1  
Sogavegi 3

# Menntadagur atvinnulífsins 2014

Mánudaginn 3. mars á Hilton Reykjavík Nordica kl. 13.00-16.30

### DAGSKRÁ

- 12.30 Fræðslusjóðir og fræðsluaðilar kynna sig á menntatorgi.
- 13.00 Setning. *Margrét Kristmannsdóttir*, varaformaður Samtaka atvinnulífsins.
- 13.10 Svo lengi lærir sem lifir. *Dr. Andreas Schleicher*, aðstoðarframkvæmdastjóri menntamála hjá Efnahags- og framfarastofnuninni OECD.
- 13.40 Frá handahófskenndri fræðslu til faglegrar fræðslustefnu. *Ásberg Jónsson*, framkvæmdastjóri Nordic Visitor.
- 14.05 Samspil fyrirtækja og menntakerfis. *Aðalheiður Héðinsdóttir*, framkvæmdastjóri Kaffitárs. Kaffi og með því. Fræðslusjóðir og fræðsluaðilar kynna sig á menntatorgi.
- 15.00 Mikilvægi ið- og tæknimenntunar. *Bolli Árnason*, framkvæmdastjóri Meitils og GT Tækni.
- 15.25 Hvað vill unga fólk og hvers vegna? Niðurstöður nýrrar rannsóknar meðal framhaldsskólanema. *Dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir*.
- 16.00 Menntaverðlaun atvinnulífsins 2014. *Ragnheiður Elín Árnadóttir*, iðnaðar- og viðskiptaráðherra afhendir verðlaunin.
- 16.30 Ráðstefnulok.

Ráðstefnustjóri er Eggert B. Guðmundsson, forstjóri N1.

Allir velkomnir – ekkert þátttökugjald



# PEUGEOT 208

# 3,4 L/100KM



Myndin sýnir Peugeot 208 í Allure útfærslu.

PEUGEOT 208

KOSTAR FRÁ KR.

# 2.390.000



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 3,4 til 4,5L/100km og CO<sub>2</sub> útblástur (g/km) frá 87 til 104.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



# Mun færri fá aðstoð

Fjöldi tekjulágra lífeyrisþega sem fá aðstoð við að standa straum af kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu hefur lækkað um tæplega 70 prósent síðan árið 2009. Ástæðan er sú að tekjuviðmið hafa staðið í stað. Á sama tíma hækkar heilbrigðiskostnaður.

**VELFERÐARMÁL** Tekjulægstu lífeyrisþegarnir, sem hafa innan við 200.000 krónur á mánuði, fá uppþótargreiðslur til þess að standa straum af meðal annars lyfja- og lækniþjónustu, heyrnartækjum og umönnun í heimahúsum. Einstaklingum sem fá uppþótargreiðslur hefur fækkað mjög mikið, eða um tæp 70 prósent frá því árið 2009.

Í svari félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn Steinunnar Þóru Árnadóttur varþingmanns segir að ástæðan að baki fækkuninni sé sú að tekjuviðmið hafi ekki hækkað í sama hlutfalli og bætur lífeyrstrygginga. Ef tekjuviðmiðið hefði fylgt bótum lífeyrisþega væri það 240.860 krónur í dag.

Þórdís Bjarnleifsdóttir fékk samþykka uppþót vegna kaupa á heyrnartæki á síðasta ári.

„Ég þurfti að skuldsetja mig til að kaupa tækið og hélt að ég fengi endurgreitt,“ segir Þórdís. Það varð hins vegar ekki raunin, því þegar bætur voru hækkadar um 3,6 prósent um áramót var ákvörðun um endurgreiðslu afturkölluð.

Bætur Þórdísar hækkuðu um 6.000 krónur og var hún þá komin yfir viðmið Tryggingastofnunar.


„Nú sit ég uppi með skuldina. Þetta skiptir mig miklu máli því ég næ nú þegar ekki endum saman,“ segir Þórdís sem skuldar yfir tvö hundruð þúsund krónur vegna heyrnartækisins.

Í svari ráðherra segir að ef tekjuviðmiðið yrði hækkað myndi fjöldi lífeyrisþega sem fengi greidda uppþót tvöfaldast. Þess í stað hefur þeim fækkað, eða um fjórðung milli árána 2012 og 2013, og um 68 prósent frá 2009 til 2014.

Árið 2009 fengu 3.393 lífeyrisþegar uppþót, en nú eru þeir aðeins 1.075 talsins. Miðað við heildarfjölda lífeyrisþega hefur hlutfall þeirra sem fá uppþótargreiðslur lækkað úr átta prósentum árið 2009 í rúm tvö prósent árið 2014.

Rannsókn á frestun Íslendinga á lækniþjónustu árið 2013 leiddi í ljós að 30 prósent frestuðu henni vegna kostnaðar þjónustunnar og að öryrkjar fresta henni umfram aðra hópa. Töluverðar gjaldskrárhækkunar urðu um áramót, sem eru yfir hækkun bóta almannatrygginga og verðbólguáhrifa.

eva@frettabladid.is



**HJÁLPARTÆKI** Uppþótargreiðslum er ætlað að standa straum af meðal annars lyfja- og lækniþjónustu, umönnun í heimahúsi og kaupum á heyrnartækjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ætlað til að aðstoða þá tekjulægstu



ELLEN CALMON

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins, segir að á síðustu árum hafi lífeyrisþegar með engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga misst uppþótarnar við það að skrifa upp fyrir 200.000 kr. tekjuviðmiðið. Á sama tíma hefur heilbrigðiskostnaður og greiðsluþátttaka fólks í hjálpartækjum hækkad umtalsvert.

„Það er mjög mikilvægt að tekjuviðmiðið hækki strax og að það fylgi framvegis hækkun bóta almannatrygginga. Að öðrum kosti koma hækkunar almannatrygginga ekki öllum til góða og fer sá hópur stækkandi,“ segir hún.

**100% grænmeti**  
AN ALLRA AUKAENA  
4N MSG

**HÖLLUR BORGARI**

Prófaðu grænmetisborgarann frá Hälsans Kök og finndu hvað bragðmunurinn er lítill á honum og venjulegum kjötborgara. Holl og bragðgóð tilbreyting.

**PRÓTEINKÍKUR OG FITULÍTILL**

**Ekkert kólesteról**

**heilsurettir.is**

**Hälsans Kök Burgare**  
Köstvegjólvi  
12x40g

**INNIBALD**  
Prótein úr soja (60%) og hveiti (17%).  
Laukur, jurtaolía, eggjahvítuduft, salt (1,8%), ger, maltóðextrín, trefjar úr ertum, sterkja, bragðefni, maltextrakt (bygg).

**Síminn**

**Misstu þig á Spotify**

**Spotify**


www.siminn.is/spotify

**Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er**

Þú finnur upphaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

**Spotify Premium fylgir með völdum Snjallpökkum**

Snjallpakki er frábær áskriftarleið þar sem þú færð gagnamagn, SMS og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma, óháð kerfi.



Búðu til lagalistann þinn og hlustaðu á hann í símanum með **Spotify Premium**





# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM – GÆÐI Í GEGN



## Walton Tungusófi

Tungusófi með hvíldarstól í enda. Til hægri eða vinstri tunga í fjölmörgum litum, hvort sem tauáklæði eða alklæddur leðri.



## Gary

Vinsæll sófi með stuðninginn á réttum stöðum. Hvíldarstólar í endum, raf- eða handstýrðir. Alklæddur leðri eða tauáklæði í mörgum litum.



## Massa

Stílhreinn og flottur hvíldarsófi með háu baki. Raf- eða handstýrðir hvíldarstólar í endum. Til í mörgum litum alklæddur leðri eða tauáklæði.



## Gary

Einstaklega þægilegur hægindastóll. Sérstök mjóbaksbólstrun gerir þennan stól mjög þægilegan. Fáanlegur raf- eða handstýrður. Margir litir í boði, alklæddur leðri eða í tauáklæði.



## Ezzy

Nettur og góður hægindastóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða. Raf- eða handstýrður í mörgum litum, alklæddur leðri eða tauáklæði.



## Mobius

Í senn nettur og þægilegur hægindastóll. Klassísk en nútímaleg hönnun með þægindin í huga. Alklæddur leðri, fáanlegur í fjölmörgum litum.



## Tracy Lyftistóll

Fallegur og einfaldur í notkun fyrir þá sem að eiga erfitt með að standa upp úr stólum. Til bæði í tauáklæði og alklæddur leðri í nokkrum litum.



## Yuni

Fallegur horn og tungusófi. Fæst hægri eða vinstra horn, alklæddur leðri í mörgum litum eða tauáklæði. Nokkrar stærðarútfærslur í boði. Hvíldarstóll í enda.



## Espace

Smekklegur og nettur sófi sem frábært er að sitja í. Nokkrar stærðir í boði. Alklæddur leðri eða tauáklæði. Mikið litaúrval.



## Demetra svefnsófi

Glæsilegur og vandaður svefnsófi frá Ítalíu. Hægt að fá í mörgum útfærslum og litum m.a sem tungusófi.



## Rinoa tungusófi

Alklæddur leðri en einnig til með áklæði. Margar útfærslur og úrval lita. Hægri eða vinstri tungusófi



## Dawn tungusófi

Flottur og vandaður tungusófi, alklæddur þykku nautaleðri. Hægri eða vinstri tunga.



## Italiano

Flottur og mjög þægilegur sófi. Fáanlegur í nokkrum litum í leðri og áklæði.

Komdu í heimsókn  
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

**LÚR**  
BETRI HVÍLD



Hvenær kemur hlé í farsa ríkisstjórnarinnar?

## Spamalot sýnt í Stjórnarráðinu

**P**jóðleikhúsið frumsýndi á föstudaginn söngleikinn Spamalot sem kemur úr smíðju Monty Python-grínaranna. Þeir voru reyndar upp á sitt besta á áttunda áratugnum og sá humor sem birtist í íslenskri gerð verksins er ansi úr sér genginn og slappur. Engin tilraun er gerð til að nýta tækifærið og skjóta á íslensk stjórnvöld, enda sjá þau svo sem fyllilega um það sjálf að vera aðhlátursefni og kannski engin ástæða til að listamenn reyni að bæta þar um betur.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Spamalot minnti þó, hvort sem það var óvart eður ei, töluvert á ástandið á Íslandi í dag. Hinn að því er virðist grunnhyggni Artúr konungur safnar um sig hirð riddara, sem stíga ekki í vitið frekar en hann sjálfur en fyllast sjálfumgleði og hroka við að verða liðsmenn þessa frægasta riddarahóps sögunnar. Saman leggur svo hópurinn upp í leitina að hinum heilaga grál. Hrokinn og ofurtrú á eigið ágæti er leiðarstef hópsins, sem auðvitað verður til þess að þeir reka sig á veggi hvar sem þeir koma, klúðra öllu með heimsku og klaufaskap og ekki nokkrum manni dettur í hug að bera virðingu fyrir þeim.

Sigmundur Davíð virðist hafa haft sama stef að leiðarljósi þegar hann valdi sér samstarfsmenn í ríkisstjórnarflokk Framsóknarflokksins; því sjálfumglaðari, grunnhyggjari og verr upplýstir þeim mun betri kandidatar í framvarðasveit flokksins. Vigdís Hauksdóttir er reyndar ekki ráðherra en af einhverjum ástæðum virðist hún veljast oftan en aðrir flokksmenn til að hafa orð fyrir stefnu flokksins með skelfilegum afleiðingum. Fleiprið og rangfærslurnar sem hún lét út úr sér í sjónvarpsþættinum Mín skoðun á Stöð 2 í gær hljómuðu eins og einhver illviljaður háðfugl hefði skrifað fyrir hana handrit sem gerði hana sem allra heimskulegasta: „Malta er sjálfstjórnarríki innan stærra lands, það er ekkert land“, „Það er hungursneyð í Evrópu“ og fleiri fjólar runnu frá henni viðstöðulaust, án þess að nokkur leiðrétti hana.

Utánríkisráðherrann okkar bullar út í eitt og sendir frá sér beinlínis hættulegar yfirlýsingar um önnur ríki, og þó einkum ríkjasambandið ESB, sem enga stöð eiga sér í veruleikanum og lýsa skelfilegu þekkingarleysi. Forsætisráðherra sjálfur sýnir ítrekað af sér fádæma hroka og yfiringang og kvartar svo hástöfum yfir því að fólk skuli „leggja hann í einelti“ í stað þess að kunna að meta hann.

Vissulega er þetta klassískt efni í farsa en þetta er ekki fyndið – væri ekki einu sinni fyndið á sviði – og það versta er að sýningin er rétt byrjuð. Það eru þrjú ár í hléið. Ætlar þjóðin virkilega að sitja þrúð undir þessari sýningu til enda og standa kannski upp og klappa í lokin? Hvað er orðið um baráttuandann úr búsáhaldaþyngunni? Það má labba út af miðri leiksýningu og láta þau boð út ganga að þetta sé ekki sýning sem sé þess virði að sjá. Gildir ekki sama regla um farsa ríkisstjórna?

Utánríkisráðherrann okkar bullar út í eitt og sendir frá sér beinlínis hættulegar yfirlýsingar um önnur ríki, og þó einkum ríkjasambandið ESB, sem enga stöð eiga sér í veruleikanum og lýsa skelfilegu þekkingarleysi. Forsætisráðherra sjálfur sýnir ítrekað af sér fádæma hroka og yfiringang og kvartar svo hástöfum yfir því að fólk skuli „leggja hann í einelti“ í stað þess að kunna að meta hann.

Vissulega er þetta klassískt efni í farsa en þetta er ekki fyndið – væri ekki einu sinni fyndið á sviði – og það versta er að sýningin er rétt byrjuð. Það eru þrjú ár í hléið. Ætlar þjóðin virkilega að sitja þrúð undir þessari sýningu til enda og standa kannski upp og klappa í lokin? Hvað er orðið um baráttuandann úr búsáhaldaþyngunni? Það má labba út af miðri leiksýningu og láta þau boð út ganga að þetta sé ekki sýning sem sé þess virði að sjá. Gildir ekki sama regla um farsa ríkisstjórna?

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Litli dálkurinn

Á þessum vettvangi, í þessum litla dálki á leiðarasíðunni sem forsætisráðherra vék að í eftirminnilegu morgunspjalli ekki alls fyrir löngu, eru oftan en ekki gripin á lofti ummæli sem látnir eru falla og pistlaskrifurum þykja orka tvímælis. Sennilega hefur hér verið vitnað oftast í Vigdís Hauksdóttur en nokkurn annan. Vigdís er litríkur stjórnmálamaður með sterkar skoðanir og er ekki hrædd við að láta þær í ljós og þess vegna vekur hún oftan en flestir aðrir umtal fyrir ummæli sín. Stundum er full ástæða fyrir því en eflaust er oft gerður úlfaldi úr mýflugu. Það sem Vigdís kastaði fram í þættinum Minni



#### Málið með þjóðarviljann

Mál málnanna er yfirvofandi viðræðuslit við ESB, enda er þar um að ræða risavaxið mál sem mun hafa miklar afleiðingar hvornig sem fer. Stjórnarandstaðan endurómar ákall úr samfélaginu um að þjóðin fái að ákveða næstu skref í umsóknarferlinu, en hvort sem henni líkar betur eða verr er „þjóðarviljatronpið“ slegið úr höndum hennar eftir snúninga síðasta kjörtímabils. Þá

var þingmeirihluti látinn nægja til að leggja í aðildarferlið og ákall þáverandi stjórnarandstöðu um þjóðaratkvæði um framhaldið féll á dauf eyru.

#### Pólitíkusarnir og stóru byssurnar

Það er svo annar punktur í málinu að núverandi forsætisráðherra talaði í stjórnarandstöðu um það að Samfylkingin væri hrædd við lýðræðið. Það má setja í samhengi við nýlega atburði og yfirlýsingar, en (svo gripnið sé til útjaskaðrar pólitíkusaklisju) „ég held að við getum öll verið sammála um“ að allir, hvort sem eru stjórnarflokkarnir eða stjórnarandstaðan, ættu að líta aðeins á fyrri stöður og yfirlýsingar áður en hlaðið er í stóru byssurnar.

thorgils@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**NICOTINELL FRUIT er ódýrara!**

**15% AFSLÁTTUR**

Gildir fyrir allar pakningastærðir og styrkleika af Nicotinell Fruit

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!

## Niðurgreitt skyr til Evrópu?

#### LANDBÚNAÐUR



Þórolfur Matthíasson  
hagfræðiprófessor

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði vilja auka sölu á Evrópumarkaði á skyrri framleiddu á Íslandi. Samtökin hafa óskað eftir að fá að flytja þangað 4.000 tonn tollfrjálst. Væru 4.000 tonn af skyrri flutt til meginlands Evrópu jafngilti það því að 4-5% af mjólkurframleiðslu íslenskra kúabænda væru framleidd fyrir neytendur erlendis. Kallar á umhugsun og skoðun.

#### Hvað kostar mjólkinn í skyrrið?

Til að auka framleiðslu skyrar fyrir Evrópu þarf annaðhvort að skerða framboð mjólkurvöru til innlendra neytenda um 5% eða auka framleiðslu mjólkur um 5 milljónir lítra. Nú borga afurðastöðvar bændum um 83 krónur á lítrann og þeir fá að auki 45 krónur í beingreiðslur úr ríkissjóði á hvern lítra. Verðmæti 5 milljóna lítra af mjólk frá bændum er 630 milljónir króna, þar af eru beingreiðslur úr ríkissjóði 215 milljónir króna.

#### Skilaverð í Evrópu

Verðmæti skyrar í Evrópu ræðst á markaði í Evrópu, en ekki á skrifstofu við Bitruháls. Úr 5 milljónum lítra af mjólk fást 700 tonn af undanrennufti og 200 tonn af smjöri. Ef íslenskar afurðastöðvar eiga að standa verðsamkeppni við erlendar mjólkurstöðvar mega þær ekki verðleggja skyrrið í

→ **Beint tap af útflutningi 4.000 tonna af skyrri til Evrópu yrði því 180 til 210 milljónir króna.**

Evrópu hærra en svarar til hráefnisverðs í Evrópu. Þetta þýðir að skilaverð mjólkurinnar sem færir í Evrópu-skyr Mjólkursamsölnunnar yrði um 420 til 450 milljónir króna. Beint tap af útflutningi 4.000 tonna af skyrri til Evrópu yrði því 180 til 210 milljónir króna. Þá á eftir að áætla kostnað við nauðsynlega kynningar- og auglýsingaherferð sem væntanlega myndi hlaupa á nokkrum hundruðum milljóna króna yfir nokkurra ára tímabil!

#### Tapi velt á neytendum og skattgreiðendum?

Til að jafna reikninga afurðastöðva vegna taps af skyrútflutningi þyrfti að: a) hækka útsöluverð á mjólkurvöru til innlendra neytenda um 250-300 milljónir króna, eða b) lækka verð til bænda um 200-300 milljónir króna og/eða c) auka beingreiðslu úr ríkissjóði til bænda um 200-300 milljónir króna. Íslenskir neytendur og íslenskir skattgreiðendur eiga rétt á að samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði upplýsi þá um hverja þessara leiða Samtökin hugsa sér að fara til að fjármagna tap af útflutningi skyrar til Evrópu



# Verklaus ríkisstjórn – sagan endurtekur sig

Á síðari hluta síðasta kjörtímabils var gjarnan talað um „Verklausu vinstristjórn“. Ekki veit ég hver byrjaði með þetta slagorð, hvort það var einhver úr stjórnarandstöðunni eða þá hvatvís fjölmíðlamaður af INN, Morgunblaðinu eða DV. Það skiptir ekki meginmáli en þeir sem héldu þessu á lofti bentu á fjölmörg mál sem þáverandi ríkisstjórn hafði ætlað að koma í framkvæmd en kom ekki í framkvæmd.

## EVROPUMÁL



Helgi Magnússon framkvæmdastjóri og fyrrv. formaður Samtaka iðnaðarins

- Hefur hún ýtt af stað myndarlegu átaki á sviði samgönguframkvæmda? NEI.
- Hefur hún afnumið gjaldreyrshöft? NEI.
- Hefur hún komið með lausnir á málefnum þrotabúa föllu banka? NEI.
- Hefur hún leiðrétt skuldir heimilanna, sem var stóra kosningaloforðið hjá öðrum flokkanna. NEI – en hún hefur sett í gang vinnu við útfærslu málsins, komið því

í nefnd.

Hefur hún afnumið verðtrygginguna sem var annað af helstu loforðum sama flokks. NEI. Nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar hefur í reynd slegið þá hugmynd út af borðinu.

Hefur hún beitt sér fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðuræðna við ESB sem Sjálfstæðisflokkurinn lofaði kjósendum sínum að yrði á fyrri hluta núverandi kjörtímabilsins? NEI – Þvert á móti. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir grímulausum svikum við kjósendur í því efni, þrátt fyrir ótvíræð kosningaloforð.

Hefur ríkisstjórnin náð tökum á ríkisfjármálunum? Hún heldur því fram vegna lítilsháttar afgangss á fjárlögum. En reynslan sýnir að niðurstaðan verður yfirleitt mun lakari og ætla má að halli verði á fjárlögum þessa árs þegar raunveruleikinn lítur dagsins ljós.

Hefur ríkisstjórnin lækkað veiðileyfagjald og létt þannig álögum af útgerðinni? JÁ. Það gerði hún strax á sumarþingi 2013 enda þótti mikið liggja við að bæta hag útgerðarmanna á meðan hagsmunir annarra atvinnugreina og almennings máttu bíða!

Niðurstaðan af þessu er því miður sú að núverandi ríkisstjórn er eftir 20% af kjörtímabilinu enu betri en sú fyrri: VERKLAUS RÍKISSTJÓRN þegar kemur að meginhagsmunamálum almennings og atvinnulífs, með þeirri undantekningu að lítið hefur verið til með sjávarútveginum.

Við sem gagnrýndum fyrri ríkisstjórn og kusum þá flokka sem mynda núverandi ríkisstjórn út á kosningaloforð sem nú hafa verið svikin, hljótum að spyrja: Til hvers var barist?

## Breytinga er þörf

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins fer fram nú í byrjun mars. Þá gefst okkur bæjarbúum kostur á að velja á milli manna. Bæjarfélagið er með skuldir umfram þau viðmiðunarmörk sem lög setja og hefur bærinn þurft að standa í nauðasamningum með hlutdeildarfélög sín til að lækka skuldir sínar. Þannig hefur náðst einhver árangur í lækkingu skulda auk þess sem allar seljanlegar eignir bæjarins hafa verið seldar. Því miður hefur afakstur af söluverði eignanna ekki verið notaður nema að hluta til að greiða niður skuldir. Annað hefur farið í að greiða óhagkvæman rekstur sveitarfélagsins. Ljóst er að óbreytt stefna mun leiða til þess að Reykjanesbær verði hið nýja Álfanes með þeim eina mismun að við höfum ekki forríka nágranna til að taka yfir skuldir okkar eins og þeir höfðu.

## STJÓRNMÁL



Magnús Karlsson iðnrekandi og íbúi í Reykjanesbæ

kjörtímabils og ráðinn nýr bæjarstjóri sem hafði það til áætis að vera ópólitískur og atvinnumaður í því að reka fyrirtæki og stofnanir. Hann kunni til verka og forgangsráðaði rétt.

Skemmst er frá að segja að Árborg er nú komið undir viðmiðunarmörk skulda sem er miðað við í sveitarstjórnarlögum. Þessu hafa þeir náð án þess að skerða þjónustu og hafa á sama tíma framkvæmt í nýjum mannvirkjum vegna þess svigrúms sem minni skuldir skapa. Mestu munar þar um að stefnubreyting hefur orðið í ráðningum. Aðeins er miðað við raunverulegar þarfir bæjarfélagsins og hæfni viðkomandi. Nú stendur valið um hvort við viljum fara þá leið sem Álfanes fór eða hvort við viljum fara leiðina sem Árborg fór.

Leiðin úr ógöngunum er að kjósa nýja forystu sem vill fara þá leið að fækka í yfirstjórn, sleppa því að byggja fleiri víkingahallar en nýta frekar fjármunina í grunnþjónustuna og í að greiða niður skuldir.

Ég skora á bæjarbúa að mæta í prófkjör sjálfstæðismanna og segja sína skoðun.

# Promise heaven

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Við fáum víst ekki að „kíkja í pakkann“. Það verður ekki einu sinni neinn pakki.

Nei nei, krakkar mínir, við ætlum bara að gefa ykkur heimatilbúnar gjafir í ár, sem þið eigið að búa til handa hvert öðru ...

Og af hverju fáum við ekki að kíkja í pakkann? Á því er í rauninni bara ein skýring: Það er ekki óhætt; innihald hans verður of gott. Hætta er á því að í framhaldinu muni þjóðin greiða atkvæði með fullri aðild að ESB. Stjórnvöld hótta því meira að segja að senda sína stækustu aðildarandstæðinga út til að ná fram sem verstri niðurstöðu, yrði niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu að ljúka viðuræðum. Hvað varðar þá um þjóðarhag sem sjálfir eiga milljarða í erlendum bönkum?

## Ich suis en European

Þetta var annars meiri vikan hjá Framsókn: hófst með ógleymanlegri framgöngu forsætisráðherra í þætti Gísla Marteins og endaði með ummælum Vigdísar Hauksdóttur um að í Evrópu ríkti hungursneyð og að Malta hefði sömu stöðu og Vestmannaeyjar hjá okkur í einhverju ríki sem hún gat þó ekki tilgreint. Margt fólk hefur raunar mótmælt þessum staðhæfingum Vigdísar sem forsætisráðherra telur væntanlega til marks um að hún hafi rétt fyrir sér, samkvæmt þeirri rökvisi sem við erum farin að þekkja úr þeirri áttinni. Í miðri vikunni lét utanríkisráðherrann, Gunnar Bragi Sveinsson, á sér skilja að Evrópusambandið beri meginábyrgð á ástandinu í Úkraínu með því að setja „of mikinn þrýsting“ á stjórnvöld þar í landi, tók sér þannig stöðu með afturhaldsöflunum og Pútín, og hafa önnur eins endemi ekki gerst síðan Halldór og Davíð gerðu okkur að innrásarþjóð í Írak.

Gunnar Bragi fylltist svo um síðir veglyndi og víðsýni í lok umræðna og sagði að við Íslendingar hygðumst eiga góð samskipti við „þá barna úti í Evrópu“.

Svona hugsar hann. Í fyrsta lagi að það séu eintómir karlmenn – einhverjir „þeir“ – sem við sé að eiga í Evrópu; í öðru lagi að Evrópusambandslöndin séu ein heild og undir stjórn „þeirra“ í Brussel fremur en samráðsvettvangur ólíkra ríkja og aðferð við að skera úr ágreiningi og smíða sanngjarnar leikreglur; og í þriðja lagi: að Evrópa sé „barna úti“. Það er hún ekki: Hún er hér. Evrópa er ekki einungis langsamlega stærsti markaður okkar heldur er íslenska þjóðin Evrópuþjóð, sögulega og menningarlega.

Við búum ekki í tómarúmi. Við erum fjarri því að vera „fullvalda“; fullveldi okkar er alltaf takmarkað af samskiptum okkar við aðrar þjóðir, möguleikum okkar, skyldum og almennum leikreglum, rétt eins og sérhver einstaklingur gerir aldrei bara það sem honum sýnist. Og regluverk okkar kemur að stórum hluta frá Evrópu án þess að við höfum um það að segja og án þess að framsóknarmenn geri athugasemdir við það. Þeim mun óskiljanlegra er Evrópuhatur þeirra.

## Loforð í vafningum

Meiri vikan hjá Framsókn. Hjá íhaldinu byrjaði hún hins vegar nokkuð vel: eftir völdalið við Sigmund Davíð fannst öllum sem Bjarni Benediktsson væri helsti stjórnvitringur þessa lands. En svo fór hann að tala, og svo sem eftir öðru í samskiptum hans og Sigmundar Davíðs að hann sitji með Svarta Péturinn í vikulok. Fyrst reyndi hann að útskýra fyrir okkur hvernig það að auglýsa stöðu Más Guðmundssonar seðlabankastjóra væri ekki til marks um vantraust í hans garð – „þvert á móti“ og svo runnu upp úr honum vífilengjurnar og orðavafningarnir svo að maður heyrði að meira að segja honum sjálfum ofbaud þvælan sem hlýkkjaðist upp úr honum í vafningum. Og enn bætti hann um betur þegar hann fór að útskýra fyrir okkur að það væri „viss ómöguleiki til staðar“ í því að standa við loforð sín um þjóðaratkvæðagreiðslu. Til að auka nýjum vafningum við var svo sendur á vettvang Birgir Ármannsson sem sagði um kosningaloforðin að „þau hefði átt að orða með öðrum hætti“. Lögfræðingurinn sem er alla jafnan meistari orðhengilsháttarins getur ekki betur: orð hans eru öll í henglum.

Kannski hefur fólk ekki áhyggjur

Við fáum víst ekki að „kíkja í pakkann“. Það verður ekki einu sinni neinn pakki. Nei nei, krakkar mínir, við ætlum bara að gefa ykkur heimatilbúnar gjafir í ár, sem þið eigið að búa til handa hvert öðru ...

af þessu upp til hópa. Kannanir sýna að minnihluti landsmanna vill að Íslendingar gangi í Evrópusambandið þó að meirihlutinn vilji auðvitað að aðildarviðræður verði klárðar svo að hægt sé að fá að vita í hverju aðild felst frá einhverjum öðrum en Vigdís Hauksdóttur sem segir okkur að í Evrópu ríki hungursneyð.

Það er ekki gott að vita hvernig býflugur hugsar, eins og segir í Bangsímón. En þessir kjósendur þurfa þó að hugleiða þetta: þessar efndir á gefnum loforðum sýna okkur hvers konar manneskjur ráðamenn þjóðarinnar eru. Og hvers er að vænta um efndir annarra loforða sem þessum kjósendum kann að vera meira annt um?

Kosningaloforð eru eins og lánataka (eins og erlend fjárfesting sem SDG benti okkur á). Og eins og auðmennirnir ungu sem stjórna landinu vita vel eru ýmsar leiðir til þess að komast undan því að greiða af lánnum sínum. Ekki mun síst vinsælt að stofna eignarhaldsfélög með fyndnum nöfnum – og púff! – skuldarnar hverfa í Money heaven. Eitt hvað svipað gerist nú: Þegar foringjar Sjálfstæðisflokksins eru krafðir skýringa á svikum sínum fara þeir strax að hljóma óskiljanlega; tala um „ómöguleika“, útskýra að hér séu ekki „slit“ heldur sé verið að „draga umsókn til baka“, fimbulfamba um hvernig „varanleg sérlausn“ getur ekki verið það sama og „undanþága“. Það er verið að búa til orðavafninga þar sem ætlunin er greinilega að skilja loforðin eftir. Og púff! – loforðin hverfa í Promise heaven.

Eða hvað? Kjósendur eru hér lánardrottinnar. Þeir eru kröfuhafar. Ætla þeir að rukka, svona einu sinni?

**Þú ættir að fá þér Minimax**  
ef þú starfar við léttan iðnað eða að smíðar heima

Minimax trésmíðavélarnar eru frá hinum heimsþekktu vélaframleiðanda SCM Group á Ítalíu. Minimax vélarnar eru hannaðar til að uppfylla þarfir þeirra sem starfa við léttan iðnað en á verði sem hentar „hobby-smíðum“.

**Sýningavélar á staðnum - komdu og skoðu!**

**IÐN VÉLAR**

IÐN VÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is





## MERKISATBURÐIR

- 1630** Skálholtsstaður brann til kaldra kola. Prettán hús eyðlögðust og mikið af verðmætum munum.
- 1656** Spánn lýsir Englandi stríð á hendur.
- 1863** Forngripasafn Íslands stofnað að frumkvæði Sigurðar Guðmundssonar málara. Á fimmtíu ára afmælinu var nafninu breytt í Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðháttadeild stofnuð á hundrað ára afmælinu.
- 1920** Stjórnmalahreyfing nasista verður til í Þýskalandi.
- 1924** Styttan af Ingólfi Arnarsyni afhjúpuð á Arnarhóli. Styttuna gerði Einar Jónsson myndhöggvari.
- 1924** Íhaldsflokkurinn stofnaður af fimm þingmönnum sem síðar mynduðu Sjálfstæðisflokkinn með þingmönnum Frjálslynda flokksins.
- 1957** Sjómannasamband Íslands var stofnað.
- 1975** Led Zeppelin gaf út breiðskífuna Physical Graffiti.
- 1991** Minnisvarði var afhjúpaður í Innri-Njarðvík um Sveinbjörn Egilsson, rektor og skáld, sem þar var fæddur. Sveinbjörn þýddi meðal annars Hómerskvíður.
- 1992** Kurt Cobain gekk að eiga Courtney Love.
- 2002** Vetrarólympíuleikunum lauk í Salt Lake City í Utah.



## Einn stofnenda Apple fæðist

Steve Jobs fæddist þennan dag árið 1955. Jobs lést 5. október árið 2011 en hann var einn þriggja stofnenda Apple. Í upphafi var hann stjórnandi fyrirtækisins og aðaldrifjörður en eftir stormasöm samskipti hrökklaðist hann frá fyrirtækinu á miðjum níunda áratugnum.

Hann stofnaði síðan tölvufyrirtækið NeXT og keypti hlut í teiknimyndagerðarfyrirtækinu Pixar. Jobs kom þó aftur til Apple og tók stóran þátt í stjórnun og vörubrúun þar. Pixar sameinaðist Walt Disney árið 2006 og við það fékk Jobs sæti í stjórn þess fyrirtækis.

PETTA GERÐIST 24. FEBRÚAR 1991

## Kurt Cobain og Courtney Love giftast

Bandaríski tónlistarmaðurinn Kurt Donald Cobain var best þekktur sem söngvari, gítarleikari, og aðal-lagahöfundur hljómsveitarinnar Nirvana sem naut gífurlegra vinsælda meðal X-kynslóðarinnar. Hljómsveitin var stofnuð árið 1985 en árið 1991 skaut platan Nevermind upp vinsældalistana víðs vegar í kjölfar lagsins „Smells Like Teen Spirit“. Cobain kynntist rokktonlistarkonunni Courtney Love á næturklúbbi árið 1990 og féll strax fyrir henni. Á þessum degi árið 1992 gengu þau í hjónaband á Waikiki-ströndinni á Hawái. Love var klædd í satinkjól en Cobain klæddist grænum náttfötum og sagðist vera of latur til að klæðast finni fötum. Hjónabandið var stormasamt en saman eignuðust þau dótturina Frances Bean Cobain 18. ágúst sama ár. Cobain átti erfitt með að tkast á við frægðina og barðist við heróíníkn, veikindi og þunglyndi. Hann framdi sjálfsvíg með haglabyssu og fannst látinn 8. apríl árið 1994.



ÞJÓÐMINJASAFNIÐ „Næst á dagskrá er að safna heimildum um sundlaugarmeningu á Íslandi og því leitum við að heimildarmönnum á öllum aldri úr öllum stéttum þjóðfélagsins.“  
MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

# Heimildum safnað með aðstoð almennings

Þjóðminjasafnið óskar eftir aðstoð við söfnun heimilda um þjóðhætti íslendinga.

„Það er mikilvægt fyrir okkur að vera í góðu sambandi við fólk og ná til þeirra sem vilja taka þátt í þessu með okkur í sjálfboðastarfi. Við erum ekki að senda fólk einhvers konar skoðanakannanir heldur erum við að biðla til fólks að segja frá upplifunum sínum og þekkingu, bæði úr nútímanum og fortíðinni,“ segir Ágúst Ó. Georgsson, fagstjóri Þjóðháttaafns. Þjóðminjasafn Íslands hefur nú safnað upplýsingum um þjóðhætti með spurningaskrár í meira en hálfari öld til að miðla upplýsingum og varðveita óápreifanlegan menningararf. Nú leitar Þjóðháttaafnið að nýjum heimildarmönnum. „Næst á dagskrá er að safna heimildum um sundlaugarmeningu á Íslandi og því leitum við að heimildarmönnum á öllum aldri úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Hins vegar er mikill áhugi fyrir fólk í yngri kantinum að þessu sinni,“ segir Ágúst.

Fyrstu heimildarmennirnir voru fólk sem sent hafði inn svör við fyrirspurnum í þættinum Íslenskt mál í Ríkisútvarpinu en síðar mynduðist hópur fróðleiksfúsra einstaklinga og áhugasamra um söfnun þjóðhátta. Þannig mynduðist fljótt ákveðinn kjarni fólks sem tók að sér að svara spurningaskrár Þjóðminjasafnsins. Hópurinn hefur að sjálfsögðu endurnýjast oftar en einu sinni á rúmlega 50 árum en nú sem fyrr hefur þjóðháttaöfnunin þörf fyrir stuðning frá almenningsi og að bæta við yngra fólk í þennan hóp.

Spurningaskrárnar eru aðgengilegar á heimasíðu safnsins, [tjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/thjodhatta-safn/rannsoknir/spurningalistar/](http://tjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/thjodhatta-safn/rannsoknir/spurningalistar/).

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Ó. Georgsson í síma 530 2246 eða [agust@thjodminjasafn.is](mailto:agust@thjodminjasafn.is).

marinmanna@frettabladid.is



Elsku mamma okkar, amma, langamma og tengdamamma,

**RAGNHEIÐUR SVEINFRÍÐUR  
SÓLEY ÁRNADÓTTIR**  
frá Bolungarvík,  
Vesturgötu 28, Reykjavík.



lést að morgni mánudagsins 17. febrúar á Hjartadeild Landspítalans við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudinn 25. febrúar og hefst kl. 13.00.

Krístur Arný Sigurðardóttir  
Árni Jónsson Sigurðsson  
Jón Sævar Sigurðsson  
Barnabörn og barnabarnabörn.

Stefán Ragnar Einarsson  
Sjöfn Þórðardóttir



Faðir okkar, stjúpaðir, tengdafaðir og afi,  
**SIGURBJÖRN ÁRNI ÁRMANNSSON,**  
múari,



lést sunnudaginn 16. febrúar.  
Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 26. febrúar kl. 13.

Hróðmar Ingi. Sigurbjörnsson  
Sigurður Ármann Sigurbjörnsson  
Guðríður Sigurbjörnsdóttir  
Jóhann Ársæll Sigurjónsson  
Guðlaug Ósk Sigurjónsdóttir  
og barnabörn.

Helga Haraldsdóttir  
Auðbjörg Jakobsdóttir  
Ómar Árnason




# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## NÁLAPÚÐI

Ungverski hönnunarneminn Demeter Fograsi sýndi þennan skemmtilega sófa á hönnunarsýningunni í Stokkhólmi á dögunum. Sófinn líkist nálapúða sem tituprjónar í yfirstærð stingast í gegnum.



**MABEF**

Mikið úrval af trönur á frábæru verði. Mikið úrval af vönduðum myndlistarvörum á frábæru verði, t.d. olíu og akríl málning, penslar, spaðar, íblöndunarefni, vatnslitapappír, karton, strigi, blindrammar, trönur og margt fleira.

**LISTALAGERINN JARN&GLER**

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. www.jarnkler.is



**VIÐ STÖRF**  
Erla víðar að sér perlum úr ýmsum áttum og leggur mikla áherslu á að hafa úr sem mestu að velja.  
MYND/GVA

## FRJÁLSMEN

Þeir sem vilja kynna sér hönnun Erlu betur geta skoðað Facebook-síðuna Frjálsmen. Einnig býr hún til men eftir séróskum.

# ENGIN TVÖ EINS

**FRJÁLSLEG MEN** Erla Sigurlaug Sigurðardóttir perlar hálsmen undir nafninu Frjálsmen. Innblásturinn fær hún frá grænlensku og afrísku perluskrauti.

Nafnið Frjálsmen varð til þegar ég var að hekla hálsmen fyrir nokkrum árum. Útkoman var mismunandi í hvert sinn enda notaði ég aldrei uppskrift. Halldóra frænka mín kom með hugmyndina að þessu nafni og mér fannst það skemmtilegt enda rímar Frjálsmen við hálsmen og lýsir einnig þeirri tilfinningu sem ég vil vekja,“ segir Erla sem starfar í markaðsdeild Icelandair Hotels en nýtir flestar lausar stundir til handavinnu. „Ég verð alltaf að vera með einhver hliðarverkefni,“ segir Erla sem hefur gefið út tvær bækur með frænku sinni, Þrjónaperlur og Fleiri þrjónaperlur.

Erla heklaði mikið og seldi, en hætti því um tíma. „Það má eiginlega segja að ég hafi heklað yfir mig,“ segir hún glettin en þá tók líka við nýr kafli er hún flutti til Ástralíu í nám. Í haust fylltist hún andagift á ný en nú eiga perlur hug hennar allan. „Það tók mig dálítinn tíma að finna

út úr því hvernig best væri að hnýta perlurnar saman og það útheimti mikla þolinmæði,“ segir hún og hlær. Aðferðin sem Erla notar er heimatilbúin. „Það eru margir að þræða perlur upp á band en mig langaði að gera eitthvað öðruvísi, enda er það mitt mottó í lífinu að gera það skemmtilegt.“ Innblásturinn að hönnuninni fær hún meðal annars frá klassísku grænlensku og afrísku perluskrauti.

Erla segir frelsið mikið þegar kemur að því að hanna menin. „Perlurnar eru mismunandi á lit og stærð og með fjölbreyttri áferð, vaxaðar, lakkaðar og bæs-aðar,“ lýsir hún og bætir við að ekkert hálsmen verði í raun alveg eins og það næsta.

Fleiri upplýsingar um Frjálsmen Erlu má finna á Facebook en ekki er langt í að menin verði að finna í helstu hönnunarverslunum.

■ solveig@365.is

## TUDOR RAFGEYMAR



Veldu öruggt start með TUDOR.

**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

NÚ LEGGJUM VIÐ SPILIN Á BORDIÐ

# Drottningar dagar

Lækkum verðið á QUEEN SIZE dýnum í takmörkuðu magni í nokkra daga  
Stærðir 153 x 203 cm

**KOMDU OG GERÐU ÆVINTÝRALEGA GÓÐ KAUP!**

QUEEN  
SIZE



SVEFN-  
SÓFI

Svefsófi -  
Verð áður kr. 79.900.-  
Verð nú aðeins kr.  
**59.900**  
Litir: Svart

Svefn & heilsa  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.  
Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**, sverrirbs@365.is, s. 512 5432  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT

**PRO-STAMINUS**  
ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?  
Er bunan orðin kraftlitil?

PRO-STAMINUS er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætíð karlmönnum sem hafa einkenni göðkyrja steikunar á blóðruhálskirtli sem getur valdið vandæðum við þvaglát.

www.gengurvet.is

**MASTERLINE**  
Professional Beauty

Ítölsk gæði tryggja heilbriggt og glansandi hár

Án parabena og SLES  
Fæst í stórmörkuðum



**SISTERS REDESIGN**  
Jenny og Kristín hanna kjóla og töscur úr endurnýtanlegu efni.  
MYND/ELÍN ARNÓRSDÓTTIR

# SKYRTUR Í KJÓLA

**ENDURNÝTING** Kristín Garðarsdóttir og systir hennar, Jenný, hanna kjóla úr gömlum karlmannsskyrtum og töscur úr djúsfernum og nammipokum.

**S**ysturnar Kristín og Jenný Garðarsdóttir hafa lengi endurnýtt hluti og hugað að endurnýtingu. Nú hefur þessi nýtni orðið að hönnun og hafa þær systur hannað kjóla og töscur undir merkinu Sisters Re-design.

„Hugmyndin að kjólunum kom þegar ég var í meistaranámi í Kennaraháskólanum en ég er textilkennari. Við vorum mikið að vinna með endurnýtingu í skólanum og þegar ég var að taka til í fataskápnunum heima fann ég tvær gamlar, hvítar skyrtur sem ég ákvað að gera eitthvað við. Mér fannst þær svo flottar að ég tímdi ekki að henda þeim. Mér finnst mjög erfitt að henda hlutum en maðurinn minn er hins vegar andstæðan og ýtir mér til þess að henda svo það safnist ekki of mikið af drasli.“

Kristín klippti svo skyrturnar til, klippti kragana og ermarnar af og þannig varð kjóllinn til, með því að taka það af skyrtunum sem henni líkaði ekki. „Ég litaði kjólinn svo svartan og notaði hann mikið og fékk mikla athygli út á hann. Við systurnar ákváðum svo

að gera eitthvað við þessa hugmynd og lögðumst í mikla vinnu. Jenný hafði bæði þekkinguna og aðstöðuna því hún er lærður kjólameistari. Útkomuna vorum við svo með í Pop-up markaði í Hörpunni fyrir jólin. Þar vorum við líka að selja töscur sem við gerðum.“

Töscur systranna eru líka úr endurnýttu efni, úr Capri Sonne djúsfernum annars vegar og hins vegar úr M&M pokum. „Það er hægt að gera svona töscur úr alls kyns efnum en mér finnst þessar umbúðir skemmtilegar af því þær eru svo litríkar.“

Eins og áður sagði á Kristín erfitt með að henda hlutum þannig að hún hefur geymt alla kraga og afganga af þeim skyrtum sem þær hafa klippt í kjóla. „Við erum ekki búnar að ákveða hvað við gerum með afgangana. Þetta er ákveðin meðganga, að athuga hvað er hægt að gera. Við erum líka að gera tilraunir með karlmannsjakka þannig að það er margt í vinnslu.“

Hönnun systranna má sjá á Facebook-síðu þeirra.



**SKYRTUKJÓLL**  
Kjóllinn er búinn til úr tveimur gömlum skyrtum sem voru á leið í ruslið en hafa nú öðlast framhaldslíf.

**NAMMITASKA**  
Þessi litríka taska er unnin úr tónum M&M pokum.

## ERFINGJARNIR FÁ VERÐLAUN

**VINSÆLT**  
Danskar sjónvarpsþáttaraðir hafa verið að gera það gott á undanförunum árum. Nú síðast er það þáttaserían Erfingjarnir sem vekur mikla athygli. Þættirnir hlutu tvönn verðlaun á franskrí kvikmyndahátíð, FIPA, fyrir nokkrum dögum, bæði sem besta dramaserían og fyrir besta handrit í flokki alþjóðlegra mynda. Þættirnir hafa þegar verið seldir til margra landa þar sem þeir hafa fengið mjög góðar viðtökur og má þar nefna England, Holland, Belgía, Lúxemborg, Frakkland, Þýskaland og Mexíkó. Þættirnir hafa verið í sýningu hér á landi. Tíu önnur lönd hafa óskað eftir þáttunum. Vaxandi áhugi er á heimsvísu fyrir dönsku sjónvarpsefni, sérstaklega eftir vinsældir þáttanna Glæpurinn og Höllin. Velgengni þessara þátta auðveldar áframhaldandi þáttagerð hjá danska sjónvarpinu en framleiðslan er dýr.





# LAGNIR

MÁNUDAGUR 24. FEBRÚAR 2014

## Hjálparstarf

Hjálparstofnun kirkjunnar hefur í áratugi unnið að byggingu vatnspróa í Afríku þar sem hreint vatn skortir.

## Er stíflað?

Valur Helgason ehf. annast stíflulosun, röramyndatökur, rótarfræsinguog ým islegt annað sem viðkemur frárennislögnum.

## Ástandsskoðun og fóðring lagna

Proline er leiðandi á sviði innan-húsfóðringa og sér meðal annars um að fóðra gamlar skólplagnir.



# Hreint vatn bætir lífsafkomu

Hreint vatn er ekki sjálfsgæður hlutur alls staðar í heiminum. Hjálparstofnun kirkjunnar hefur í áratugi unnið að byggingu vatnsþróa í Afríku þar sem hreint vatn skortir. Verkefni eru unnin í nánú samstarfi við heimamenn og staðaryfirvöld.

Nú stendur yfir verkefni í Austur-Eþíópíu þar sem við byggjum vatnsþræ sem safna rigningavatni. Það verkefni hefur staðið yfir í sjö ár og heldur áfram, en í Afríku hafa vatnsverkefni af þessu tagi verið í gangi í meira en tuttugu ár,“ útskýrir Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.

Vatnsþrænar eru stórar gryfjur með steiptum hliðum og botni. Rigningarrvatn rennur í þróna og dugir það sem safnast um það bil þrjá til fjóra mánuði inn í þurrkatímann. Tröppur eru



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, segir aðgang að hreinu vatni hafa margþætt áhrif á lífsgæði fólks.

ofan í þróna og er vatnið síðan sótt á brúsa og borið heim til daglegra nota. Þrænar eru opnar og vatnið getur því verið óhreint en íbúarnir geta keypt efni til að setja í vatnið, sem drepur bakteríur svo vatnið verði drykkjarhæft. Einnig eru handgrafnir brunnar niður á hreint lindarvatn sem er svo dælt upp borið heim í brúsum.

Bjarni segir verkefnið ávallt unnin í nánú samstarfi við íbúana á svæðinu og staðaryfirvöld. Sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi frá byrjun.

„Það er mikil samvinna alveg frá grunni. Heimamenn mynda sjálfir vinnuflokka og grafa vatnsþróna,

við útvegum verkfæri ef þarf og einnig fjármagn fyrir grjóti og sementi og öðru við bygginguna. Vatnsþróin er svo eign fólksins á svæðinu og á þeirra ábyrgð að halda henni við.“

Bjarni segir aðgang að hreinu vatni hafa margþætt áhrif á lífsgæði fólks. Hreint vatn verði ekki aðeins grunnur að bættri heilsu og hreinlæti heldur geti það jafnvel stuðlað að bættri menntun.

„Í mörgum þeirra landa sem við höfum unnið með er það skylduverk stúlkna og kvenna að sækja vatnið. Þegar um langan veg er að fara endist þeim ekki dagurinn til að sækja skólann. Þegar vatnsþró eða brunni hefur verið komið upp nálægt heimilunum tekur vatnsburðurinn styttri tíma og stúlkurnar geta sótt skólann.“

Hreint vatn gerir alla lífsafkomuna betri og gerir íbúunum til dæmis kleift að rækta grænmeti og halda dýr. Fræðsla um smitleiðir sjúkdóma tengda vatni er einnig hluti af verkefninu svo það vindur upp á sig á margan hátt.“



Vatnsþró í vinnslu í Eþíópíu. Heimamenn mynda vinnuflokka sem grafa þróna og steypa vegg og botn með fjárhagsaðstoð verkefnisins.



Rigningarrvatn safnast í þróna og dugir þrjá til fjóra mánuði inn í þurrkatímann. Með sérstökum efnum er hægt að hreinsa vatnið svo það verði drykkjarhæft.

## Margþætt og sérhæfð þjónusta

Valur Helgason ehf. hefur safnað mikilli reynslu og þekkingu á stíflulosun, röramyndatökum, rótarfærslum og ýmsum öðrum þáttum er viðkoma frárennislögnum fyrirtækja, stofnana og heimila. Fyrirtækið byggir á fjórum grundvallarhugtökum, fagmennsku, þekkingu, trausti og lausnum.

Valur Helgason ehf. hefur verið starfrækt í um hálföld. Fyrirtækið ber nafn stofnanda síns en árið 2002 keyptu þau Ragnar Kummer og Þóra Björk Sigurþórsdóttir fyrirtækið. Ragnar hafði þá verið einn af lykilstarfsmönnum þess um árabil. „Þjónusta fyrirtækisins er margþætt en við sérhæfum okkur meðal annars í að fjarlægja stíflur, til dæmis úr eldhús- og baðvöskum, salernisörum, baðkerum, niðurföllum, þaklögnum og drenlögnum auk fjölpætrar þjónustu við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki,“ segir Ragnar.

### Öflugur útbúnaður

Valur Helgason ehf. vinnur eingöngu með

fyrsta flokks tækjabúnað og eru starfsmenn fyrirtækisins vel tækjum búnir. „Fyrirtækið á nokkrar sérhæfðar bifreiðar með öflugum útbúnaði til stíflulosunar og fullkornustu röramyndavélar sem í boði eru á markaðnum. Allt frá örmáum vélum sem komast niður í eldhúsvaska yfir í stærstu gerðir sem mynda lagnakerfi sveitarfélaga. Vélarnar eru með staðsetningarbúnaði og dýptarmælum sem staðsetja bilanir, stíflur, falin niðurföll og þess háttar af mikilli nákvæmni,“ segir Ragnar.

### Óháður aðili myndar rörin

„Að myndatökum loknum fá viðskiptavinir afhent stafræn myndbönd á minnislykli eða DVD disk með skýrum mynd-

skeiðum af lögnum. Slíkar myndir gera iðnaðarmönnum kleift að ganga hratt og örugglega fram í viðgerðum. Myndirnar nýtast einnig við samunburð á ástandsmyndunum í framtíðinni. Hægt er að prenta út myndir af völdum stöðum ef þörf krefur.“

### Fjögur grundvallarhugtök

Valur Helgason ehf. hefur um áratuga-skeið boðið fyrirtækjum lausnir sem uppfylla þarfir þeirra varðandi einstaka þætti í lagnakerfum þeirra. „Við erum einnig með í boði þjónustusamninga um víðtæka umsjón með lagnakerfum. Slíkir samningar hafa það að markmiði að auka öryggi, skilvirkni og fjárhagslega hagkvæmni til lengri tíma.“

Ragnar segir fyrirtækið byggja á fjórum grundvallarhugtökum, fagmennsku, þekkingu, trausti og lausnum. „Með þessum hugtökum að leiðarljósi grundvallar starfsfólks fyrirtækisins þjónustuna við viðskiptavinum.“

### Stuttur biðtími

Fyrirtækið leggur áherslu á að bjóða stuttan biðtíma á höfuðborgarsvæðinu og að starfsfólki beri virðingu fyrir eignum fólks, heimili og tíma.

Valur Helgason ehf. er til húsa að Gylfaflöt 13. Símar fyrirtækisins eru 568 8806 og 896 1100, netfangið er stifla@stifla.is.og nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess, stifla.is.



## Er stíflað?

### FJARLÆGJUM STÍFLUR

úr vöskum, salernisörum, baðkerum, niðurföllum o.fl.

Röramyndavélar • Hitamyndavélar • Dælubíll

**Þekking og áratuga reynsla**

**VALUR HELGASON** ehf.

Sími 896 1100 & 568 8806 • [www.stifla.is](http://www.stifla.is)





## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 897 8266

Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312

Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 690 0820

Íris Hall  
Löggiltur fasteignasali

Pórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309

Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931

Eggert Mariússon  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472

Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286

Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

Benedikt Ólafsson  
Sölufulltrúi  
Sími 661 7788

### 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

www.fasteignasalan.is

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

### Einigrund 13, Akranesi 28,9m

Opið hús miðvikudaginn 26. febrúar kl. 17:30-18:00

Vantar eignir á skrá  
Fritt verðmat

- 2ja hæða endaraðhús, 132,9 fm
- 4 rúmgóð svefnherbergi
- 2 baðherbergi
- Suður verönd
- Endurnýjað eldhús og baðherbergi

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

## Glæsileg toppíbúð

Fasteignasalan Fjárfesting kynnir einstaklega glæsilega penthouse-íbúð á einum besta stað í höfuðborginni.

Um er að ræða sérlega fallega og vandaða 159,5 fm penthouse-íbúð á fallegum og góðum stað í Lundi í Kópavogi. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, og eru um það bil 95 fm þaksvalir meðfram allri íbúðinni. Vönduð og falleg íbúð, innfeld lýsing og aukin lofthæð.

Gengið er inn í anddyri með flísum og góðum fataskáp. Rúmgott eldhús með flísum á gólfi. Falleg eikarinnrétting með hvítu graníti. Rúmgóð stofa og borðstofa með parketi.

Gestasnyrting er flísalögð. Rúmgott sjónvarpshol með parketi. Hjónaherbergi með parketi og fataherbergi. Baðherbergi með nuddbaðkeri og sér sturtuklefa, falleg innrétting. Barnaherbergi með parketi.

Stórar ca 95 fm svalir meðfram allri íbúðinni með stórglæsilegu útsýni.

Tvö stæði í bílageymslu.



Glæsileg íbúð á efstu hæð í Lundi er til sölu.

Nánari upplýsingar hjá fasteignasöluinni Fjárfesting í síma 562 4250.

Fallegt útsýni til allra átta er úr íbúðinni.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

# heimili

## FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali

Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali

Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi

Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögræðingur

Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð

Árni S. Guðmundsson  
sölufulltrúi atvinnuhúsnæðis

Finndu okkur á Facebook

### VIÐ LEITUM AÐ Góð sala - Góð kjör

Við leitum að til kaups fyrir ákveðna fjársterka kaupendur.

- 3ja og 4ra herbergja í Grafarholti
- Sérhæð með 4 svefnherbergjum í hverfi 105

Nánari upplýsingar hjá Boga Péturssyni fasteignasala



**Boðaping 10 - 55 ára og eldri**  
Stórar 2ja herbergja, 90 fm íbúð hæð ásamt stæði í bílskýli Eldhús með granít í borðplötum og sólbekkjum. Flísalagður sólskáli. Rúmgott svefnherbergi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Sér þvottahús innan íbúðar. Vandaðar innréttingar og gólfefni. V. 28,0 m.



**Furuás 1 - Einbýli - Opið hús.**  
Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 12:15 - 12:45. Sérlega vel hannað um 250 fm einbýlishús á einni hæð í Garðabæ. Húsið er vandað að allri gerð og í því eru fjögur stór svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með mikilli lofthæð. Stórt fjölskyldueldhús, sólpallur og heitur pottur. Tvöfaldur innbyggður 51 fm bílskúr, í dag innréttaður sem íbúð. Gott hús á góðum stað.



**Ljósavík 30 - 4ra herb. + bílsk. Opið hús.**  
Opið hús í dag frá kl. 17:30 - 18:00. Rúmgóð og vel skipulög 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr við Ljósavík, alls um 137 fm. Þrjú rúmgóð herbergi og stofa, þvhus innan íbúðar. Góð staðsetning innst í botnlanga, frábært útsýni, örstutt í Spöngina. Verð 34,9 millj.



**Björtusalir - 4ra + bílsk.**  
Vönduð 150 fm íbúð á 2. hæð í litlu 5 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið stendur á rólegum stað í enda botnlanga. Íbúðarrými er 124 fm og bílskúr 26 fm. Góð staðsetning nálægt skóla og íþróttastöðu. V. 39,9 m.



**Bakkastaðir - Einbýli á einni hæð**  
vandað 250 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 31 fm bílskúr. Fimm svefnherbergi og stórar stofur. Parket og flísar á gólfum. Glæsilegur garður í góðri rækt með sólpalli og heitum potti. Stutt út í fallega náttúru og góðar göngu- og hjólaleiðir með ströndinni.



**Hólmvað - sérhæð**  
Vönduð 155 fm neðri sérhæð með bílskúr. Hæðin er 4ra - 5 herbergja og er á tveimur hæðum. Suður svalir og verönd í bakgarði. Gott skipulag og vandaðar innréttingar. V. 39,9 m. Seljandi leitar sér að stærri eign í hverfinu.



**Engjasel - Endaraðhús**  
Vandað mikið endurnýjað endaraðhús með tvöföldu stæði í bílskýli. 4-5 svefnherbergi og tvöföld stofa. Húsið er vel skipulagt um 210 fm og bílskýlið að auki. Nýtt eldhús með innbyggðum tækjum, nýleg gólfefni, nýtt gestasalerni og hluti fataskápa. Gott fjölskylduhús á rólegum stað. V. 45,9 m.





**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumaður  
gisl@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Skógarás - Reykjavík. 2ja herbergja íbúð með sér verönd.



Glæsileg 78,1 fm. 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér 40,0 fm. verönd með skjólveggjum til suðvesturs í litlu fjölbýlishúsi í Árbænum.

Íbúðin hefur verið mjög mikil endurnýjuð, m.a. baðherbergi, gólfefni, innihurðir, eldhúsinnrétting og tækj o.fl. Þjört stofa. Rúmgott svefnherbergi. Sér þvottaherbergi er innan íbúðarinnar.

**Verð 24,9 millj.**



### Sporðagrunn – Reykjavík.



Glæsilegt 334,6 fm. einbýlishús á þremur hæðum auk um 30 fm. sólstofu.

Sér 3ja herbergja íbúð er í kjallara, lítið niðurgráfin og með fullri lofthæð. Eignin er í góðu ásigkomulagi og hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á undanföllum árum. Aðalíbúð skiptist m.a. í rúmgott hol með arni, samliggjandi stofur með útgangi á stórar svalir til vesturs, sjónvarpsherbergi innaf stofum, fjögur herbergi auk fataherbergis og nýlega endurnýjað baðherbergi. 24,5 fm. sérstæður bílskúr. Ræktuð lóð með hellulögn á baklóð.

**Verð 89,0 millj.**

### Asparfell – 7 herbergja penthouse íbúð.



Glæsileg 187,0 fm. 7 herbergja penthouse íbúð á 8. hæð í nýuppgerðu og álkæddu fjölbýlishúsi.

Um 100 fermetra sér þakgarður, sem er yfirbyggður að hluta fylgir íbúðinni. Frábært útsýni til allra átta. 25,5 fm. bílskúr fylgir eigninni. Sér rúmgott þvottaherbergi með glugga á hæðinni. Íbúðin er ein á þessari hæð hússins og með gluggum í allar áttir. Gler er að mestu nýtt í íbúðinni og opnanlegir veltigluggar líka.

**Verð 44,9 millj.**



### 4RA- 6 HERBERGJA



#### FLYÐRUGRANDI- 5 HERBERGJA

- Góð 5 herbergja 126,8 fm. íbúð á 4. hæð.
- Tvennar svalir. Útsýni. Fjögur herbergi.
- Mjög stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttastarf.
- Gengið er inn í húsið af 2. hæð og upp tvær hæðir.

**42,9 millj.**

### SÉRBÝLI



#### ÁSBÚÐ- GARÐABÆ.

- Fallegt 306,6 fm. tvílyft einbýli með 68,8 fm. innb. bílskúr.
- Stofur með arni. Nýlega endurnýjað eldhús. 6 herbergi.
- Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð hússins.
- Lóð nýlega endurnýjuð og vísar að stærstum hluta til suðurs.

**79,9 millj.**

### ELDRI BORGARAR



#### ÁRSKÓGAR – 2JA Á EFSTU HÆÐ

- Glæsileg og björt 76,1 fm. íbúð á efstu hæð.
- Svalir til austurs, yfirbyggjanlegar.
- Frábært útsýni að Reykjanesi, Bláfjöllum og víðar.
- Íbúðin er laus til afhendingar strax.

### 3JA HERBERGJA



#### KÓPAVOGSBRAUT- NEÐRI SÉRHÆÐ.

- Glæsileg 134,0 fm. neðri sérhæð í nýlegu fjórþýlishúsi.
- Hvítar háglansinnréttingar í eldhúsi og baðherbergi.
- Skjólgóð suðurverönd. Sjávarútsýni úr stofu og af verönd.
- Húsið klætt með flisum. Harðviðarúthurðir og gluggar.

**36,9 millj.**

### NÝBYGGING



#### LANGALÍNA 33 – SJÁLANDI GARÐABÆ.

Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í nýju og glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 110 fm. upp í 129 fm. og afhendast fullbúnar án gólfefna, en baðherbergi og þvottaherbergi skilast flisalögð. Lyfta er í húsinu, sem gengur niður í bilageymslu.



#### BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.

- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskúr.
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.
- Sjávarútsýni af svölum. Þvottaherb. innan íbúðar.

**36,9 millj.**



#### BRÁVALLAGATA. TVÆR ÍBÚÐIR.

Vel skipulögð 4ra herbergja 85,4 fm. íbúð á 2. hæð í fjórþýli auk sér um 40 fm. 2ja herbergja nýinnréttaðrar íbúðar í risi. Skjólgóðar svalir til suðurs út af barnaherbergi stærri íbúðar. Auðvelt að breyta annarri stofu í herbergi. Nýlegir þakgluggar eru á risibúð. Barnvænn bakgarður.

**39,9 millj.**



#### VIÐARÁS- REYKJAVÍK.

- Vandað 192,8 fm. tvílyft raðhús með 23,6 fm. innb. bílskúr.
- Þjört stofa með góðri lofthæð. Þrjú svefnherbergi.
- Falleg ræktuð lóð með timburverönd.
- Frábær staðsetning í Selásnum.

**48,5 millj.**



### Viðjugerði

Glæsilegt 290,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innb. bílskúr. Húsið er í mjög góðu ástandi hið innra og er afar bjart og vel skipulagt. Mjög fallegur stálstigi er á milli hæða og er hann með viðarþrepum. 6 svefnherbergi, 3 baðherbergi og glæsilegar stórar stofur eru m.a. í húsinu. Aukin lofthæð á efri hæð. Viðhaldslítil lóð með veröndum til suðurs og vesturs. **Verð 89,5 millj.**



### Langamýri – Garðabæ.

Fallegt og vel staðsett 219,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðöldum 32,0 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með útgangi á hellulagða verönd. Fimm herbergi auk fataherbergis. Rúmgott alrými/setustofa/sjónvarpsstofa á efri hæð. Góð lofthæð á efri hæð og ofanbirta um stóran þakglugga. Arkitekt er Sverrir Norðfjörð. Ræktuð lóð með nýlegri hellulögn. **Verð 59,5 millj.**



### Hringbraut 39. 3ja herbergja íbúð ásamt herbergi í risi.



**OPÍÐ HÚS Í DAG**

**OPÍÐ HÚS Í DAG  
FRÁ KL. 17.30-18.00**

Mikið endurnýjuð 3ja herbergja 91,6 fm. íbúð þ.e. íbúðin 76,6 fm, herbergi í risi 6,1 fm og geymsla 8,9 fm á 3. hæð. Nýleg innrétting í eldhúsi. Rúmgóð stofa. Borðstofa með útgengi á suður-svalir. Herbergi í risi með aðgangi að w.c.

Frábær staðsetning, stutt í skóla og alla þjónustu. Íbúðin er laus og til afhendingar við kausamning.

**Verð 29,5 millj.**

Íbúð merkt 0302.  
Verið velkomin.

### Rúgakur 1 – Garðabæ. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.



**OPÍÐ HÚS Á MORGUN**

**OPÍÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG,  
FRÁ KL. 17.30-18.00**

Glæsileg 142,9 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi í litlu fjölbýlishúsi í Akralandinu að meðtöldri 24,5 fm. sér geymslu í kjallara. Rúmgóð og björt stofa. Eldhús með eikarinnréttingum. Fataherbergi innan hjónaherbergi. Stórar og skjólgóðar svalir til suðurs. Sér stæði í bilageymslu í kjallara og lyfta í stíghúsi. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við leikskóla, barnaskóla, menntaskóla o.fl.

**Verð 44,9 millj.**

Íbúð merkt 0104.  
Verið velkomin.

### Ljósheimar 20. 2ja herbergja íbúð.



**OPÍÐ HÚS Á MORGUN**

**OPÍÐ HÚS Á MORGUN  
FRÁ KL. 17.30-18.00**

Falleg 57,7 fm. 2ja herbergja íbúð íbúð á 2. hæð auk sér geymslu í góðu lyftuhúsi við Ljósheimar. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð m.a. er nýleg innrétting í eldhúsi og nýlegt eikarparket á gólfum. Svalir til austurs út af stofum. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu ásamt skóla og leikskóla.

**Verð 19,9 millj.**

Íbúð merkt 0204.  
Verið velkomin.

### Hrefnugata. Efri hæð og ris.



Mjög falleg 141,7 fm efri hæð og ris í 3ja íbúða steinhúsi í Norðurmýrinni. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð m.a. eldhús, baðherbergi, rafmagn (+tafla), þak að hluta og útitróppur. Einnig er búið að opna íbúðina mikið með því að stækka hurðar og eldhúsi og stofu. Rúmgóð stofa með fallegum hornglugga. Útgengi á suðursvalir út af hjónaherbergi. Fallegur inoleumdúkur á öllum gólfum.

**Verð 41,9 millj.**

## SÉRBYLI



### KJARRMÓAR – GARÐABÆ.

Glæsilegt 84,8 fm 3ja herbergja raðhús á tveimur hæðum. Eignin er nánast öll endurnýjuð á mjög smekklegan og vandaðan máta. Falleg hvít sprautulökkuð innrétting í eldhúsi. Baðherbergi allt nýtt með góðum sturtuklefa. Falleg og vönduð gólfefni, sandblásin eik og fallegar flísar. Lóðin er mjög snyrtileg, nýlega hellulögð fyrir framan húsið með hitalögn, góður sólpallur er í suðurgarði.

**33,9 millj.**

## SÉRBYLI



### BARÐASTRÖND – SELTJARNARNESI.

Vel skipulagt 195,4 fm. endarahús á þremur pöllum að meðtöldum 29,3 fm. bílskúr á þessum eftirsóta útsýnisstað á Seltjarnarnesinu. Samliggjandi stórar stofur með arni. Frábært útsýni úr stofum út á sjóninn, að Esju, Akrafjalli og víðar. Þrjú herbergi auk fataherbergis. Húsið að utan var málað fyrir ca. 3 árum síðan og þakjárn er mjög nýlegt. Skjólgóð víðar- og hellulögð vernd til suðurs.

**56,9 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### BERJAVELLIR – HAFNARFIRÐI. 4RA HERBERGJA.

Falleg 110,6 fm. íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi á Völlumum. Eldhús með fallegum viðarinnréttingum. Rúmgóð stofa með útgengi á góðar suðursvalir. Þrjú góð herbergi, öll með skápum. Þvottaherbergi innan íbúðar. Mjög stutt er í skóla, leikskóla og íþróttar- og tómstundastarf.

**26,9 millj.**



### HLÍÐARHVAMMUR – KÓPAVOGI.

166,1 fm. einbýlishús sem er hæð og kjallari að meðtöldum 40,5 fm. bílskúr í grónu hverfi í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið og bílskúrin eru klædd að utan með lítaðri aluzink klæðningu. Gólfisíðir gluggar í stofu. Þrjú herbergi. Bæði innangengt og sér innangur í kjallara. Lóðin er 914,0 fermetrar að stærð, ræktuð og frágengin.

**42,9 millj.**



### BAKKASTAÐIR. FRÁBÆR STAÐSETNING.

253,8 fm. einbýlishús með óinnréttaðu rými í risi á frábærum stað í Grafarvoginum. Húsið er 211,8 fm. og bílskúrin er 42 fm. Húsið er fullbúið að innan, en að utan er eftir að mála og klára lóð og innkeyrslu. Tvennar stofur auk borðstofu. Fjögur herbergi. Stór tæplega 100 fermetra suðvestur vernd með heitum pott. Indversk skífa er á öllum gólfum í húsinu ásamt gólfhita. Arkitekt er Vífill Magnússon.

**71,0 millj.**



### GEITLAND – REYKJAVÍK. 4RA HERBERGJA.

124,7 fm. björt og afar vel skipulögð íbúð á 2. hæð í nýviðgerðu fjölbýlishúsi auk 20,9 fm. bílskúrs. Rúmgóðar stofur með útgangi á skjólsælar svalir til suðurs. Þrjú herbergi. Sér þvottah. er innan íbúðar. Húsið er nýlega viðgert og málað að utan. Gler í suðurhlíð hússins er nýtt. Útsýni yfir Fossvoginn, að Bláfjöllum, Reykjanesi og víðar. Virkilega falleg eign á frábærum stað í Fossvoginum.

**41,9 millj.**

## STALLASEL



### Stallasel - Reykjavík. Einbýlishús á útsýnisstað.

377,1 fm. einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara að meðtöldum 41,7 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr. Sér íbúð er í kjallara. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með eikarinnréttingu. Fimm herbergi. Gengið út á svalir/bílskúrþak af stígapalli. Í kjallara eru auk sér íbúðar herbergi/hobbyherbergi og góðar geymslur. Húsið er afar vel staðsett í enda götu og nýtur mikils útsýnis af báðum hæðum. Lóðin er ræktuð 800,0 fm. að stærð.

**Verð 69,9 millj.**

## ERLUÁS



### Erluás – Hafnarfirði. Einbýlishús á frábærum útsýnisstað.

Glæsilegt og mjög vel skipulagt 252,1 fm. einbýlishús á einni hæð á frábærum útsýnisstað í Áslandinu. Eignin er öll innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt. Innréttingar og gólfefni eru úr rauðeik. Stórar samliggjandi stofur með arni. Þrjú herbergi. Aukin lofthæð er í stórum hluta hússins og innfeld lýsing í öllum loftum auk næturlýsingar í veggjum. Lóð með hellulagðri sétt og innkeyrslu auk harðviðarverandar sem er afgirt að hluta með glerveggjum.

**Verð 79,9 millj.**





Sverrir Kristinsson,  
framkvæmdastjóri,  
lögg. fasteignasali

Guðmundur  
Sigurjónsson,  
lögfræðingur,  
lögg. fasteignasali

Þorleifur St.  
Guðmundsson,  
lögg. fasteignasali

Kjartan  
Hallgeirsson,  
lögg. fasteignasali

Geir Sigurðsson,  
lögg. fasteignasali

Hilmar Þór  
Hafsteinsson,  
lögg. leigumíðlari,  
lögg. fasteignasali

Magnús Geir  
Pálsson,  
sólumaður

Þórarinn M.  
Friðgeirsson,  
lögg. fasteignasali

Guðlaugur I.  
Guðlaugsson,  
sólumaður

Reynir Björnsson  
lögg. fasteignasali

Jóhanna  
Valdimarsdóttir,  
gjaldkeri

Elin Þorleifsdóttir,  
ritari

Ásdís H.  
Júlíusdóttir  
ritari

Guðrún Magnea  
Arnadóttir,  
ritari

## OTRÁTEIGUR 24 - RAÐHÚS ÁSAMT BÍLSKÚR.



OPÍÐ HÚS  
mánudag

